

Ársskýrsla 2024



LANDSPÍTALI

Sterkari saman



Alma Möller heilbrigðisráðherra.

Kæru lesendur.

„Sterkari saman.“ Það er ekki hægt að velja betra og meira viðeigandi kjörorð þegar fjallað er um Landspítala og þá mikilvægu þjónustu sem þar er veitt. Raunar á þetta við um heilbrigðiskerfið í heild. Því betur sem allar einingar þess og þjónustuveitendur starfa saman, því betur er kerfið í stakk búið til að takast á við áskoranir og veita sjúklingum heildstæða, góða og örugga þjónustu.

Landspítali hefur mikla sérstöðu í íslenska heilbrigðiskerfinu í ljósi stærðar og hlutverks: Aðalsjúkrahús allra landsmanna og háskólasjúkrahús sem gerir spítalann að einni helstu mennta- og vísindastofnun landsins á sviði heilbrigðisþjónustu. Í þessu felst leiðandi hlutverk við innleiðingu nýjunga, þróun meðferða, rannsókna og þjónustu.

Nýrri námsbraut í nýsköpun á Landspítala var hleypt af stokkunum í lok janúar. Nýsköpun er lykillinn að því að efla heilbrigðiskerfið, takast á við stórar áskoranir framundan, bæta þjónustu, stytta biðlista og auka hagkvæmni í rekstri. Námsbrautin var hönnuð til að ná til fjölbreyttra klínískra starfsgreina og styðja þverfaglega þátttöku í nýsköpunarstarfi. Námsbrautin vann til verðlauna á ráðstefnunni Smart Hospitals and European Digital Healthcare Excellence Forum sem er frábær viðurkenning. Eftirtæktarvert er að á þessum vettvangi eru verðlaun jafnan veitt fyrir tækniþróun og hugbúnaðarlausnir, en námsbraut Landspítala var verðlaunuð fyrir að beina sjónum að mannlega þættinum til að efla nýsköpunargetu starfsmanna.

Nýtt hermisetur Háskóla Íslands og Landspítala, Hermís, býr að kennsluáðstöðu sem mun efla íslenskar heilbrigðisstéttir til framtíðar og auka öryggi sjúklinga. Setrið er ómetanlegt fyrir kennslu og þjálfun í heilbrigðisgreinum. Jafnframt er markmiðið að fjölga nemendum sem hægt er að taka inn í klínískt nám og færa þangað hluta þess. Þetta getur reynst mikill styrkur í því viðvarandi verkefni að manna heilbrigðiskerfið.

Það er ekki langsótt að líkja rekstri og starfsemi stofnunar eins og Landspítala við langhlaup, spretthlaup og boðhlaup, allt í senn. Það þarf að glíma við brekkur

og torfærur og það gengur á með skínum og skúrum, mótvindi og meðvindi. Margt er ófyrirsjáanlegt og þá reynir á viðbragðsflýti, útsjónarsemi, sveigjanleika, samvinnu og þrautseigju. Stjórnendur og starfsfólk Landspítala hafa sýnt í verki alla þessa eiginleika. Að geta tekist á við óvænt og krefjandi verkefni en missa ekki heildar- og framtíðarsýnina og vinna samtímis að því að þróa og efla getu spítalans til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

Það sést glögg af þessari ársskýrslu hvað innleiðing tækninýjunga, vinna við að bæta ferla og skýr markmið, m.a. um að efla göngudeildarþjónustu og bæta eftirfylgni með sjúklingum, skilar miklum árangri.

Gervigreindin hefur hafið innreið sína á Landspítala. Þróunin er hröð, þótt hún sé rétt að hefjast. Tækifærin virðast óþrjótandi ef alþjóðasamfélaginu tekst að þróa hana til góðra verka. Hagnýting máltækni, eins og notkun talgreinis á röntgendeild Landspítala lofar góðu um framhaldið. Þróun Landspítalaappsins er einnig markverð nýjung sem skiptir miklu fyrir aðgengi sjúklinga að upplýsingum um eigin meðferð, niðurstöðum rannsókna og fleira, skapar ný tækifæri fyrir eftirfylgd með sjúklingum og bætir þjónustu. Það er svo sjálfstætt verkefni að samþætta allar slíkar lausnir þannig að nýttist notendum sem best.

Stafræn þróun getur stuðlað að betri heilbrigðisþjónustu á Íslandi en sú upplifun sem við höfum í dag er því miður oft brotakennd. Í heilbrigðisráðuneytinu er unnið að því að fá heildstæða mynd af stöðu stafrænnar umbreytingar í heilbrigðiskerfinu. Niðurstöður og tækifæri sem upp koma munu nýtast til umbóta svo við getum skapað heilbrigðiskerfi sem þjónar starfsfólki og sjúklingum betur. Við höfum tækifæri til að sameina krafta okkar til að bæta skilvirkni og nýtingu fjármuna. Með stafrænni þróun sem styður allar stofnanir heilbrigðiskerfisins verðum við sterkari saman.

Landsmönnum hefur fjölgað hratt og umfram spár sem er áskorun fyrir heilbrigðiskerfið. Hækkandi hlutfall aldraðra er ekki ófyrirséð þróun en henni fylgir aukin sjúkdómsbyrði og þjónustubörf. Þetta leiðir



„Gervigreindin hefur hafið innreið sína á Landspítala. Þróunin er hröð, þótt hún sé rétt að hefjast. Tækifærin virðast óþrjótandi ef alþjóðasamfélaginu tekst að þróa hana til góðra verka.“

hugann að alvarlegri innviðaskuld við uppbyggingu hjúkrunarheimila en Landspítali fer ekki varhluta af þeirri stöðu. Skortur á hjúkrunarrýmum vinnur gegn markmiðum heilbrigðisstefnu um rétta þjónustu á réttum tíma og stað. Bráðamóttakan endurspeglar erfiða stöðu og einnig yfirlagnir á deildir því úrræði vantar fyrir aldrað fólk sem þarfnast varanlegrar búsetu á hjúkrunarheimili. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar heitir ríkisstjórnin þjóðarátaki í umönnun eldra fólks, m.a. fjölgun hjúkrunarrýma og eflingu heimahjúkrunar og verður þeirri vinnu hraðað eins og verða má.

Við bíðum öll með óþreyju eftir nýjum meðferðarkjarna sem verður tekinn í notkun árið 2029. Verkinu miðar vel og ánægjulegt að sjá framganginn með eigin augum, nánast frá degi til dags. En það þarf að styðja vel við Landspítala til að takast á við núverandi aðstæður. Stækkun bráðamóttökunnar er liður í því og gert ráð fyrir að nýtt viðbótarhúsnæði verði tilbúið til notkunar fyrir árslok. Þá þarf að bæta skipulag bráðþjónustu og vinna að öflugra samstarfi Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana til að jafna byrðar og bæta þjónustu. Ég nefni líka viðhald og endurnýjun tækjakosts Landspítala sem þarfnast sérstakrar skoðunar og áætlunargerðar til lengri tíma.

Það er eftirtektarvert að sjá árangurinn í fjármálum spítalans samhliða verulegri aukningu á veittri þjónustu. Þar veldur miklu innleiðing þjónustutengdrar fjármögnunar. Fjárveitingar til spítalans á þeim grunni hófust árið 2023 og á sama tíma við Sjúkrahúsið á Akureyri. Starfsfólk Landspítala hefur unnið mikla og góða vinnu við innleiðinguna og framleiðsla DRG eininga árið 2024 var 4,7% umfram framleiðsluáætlun samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Svokallaður umbunarpottur er notaður til að greiða fyrir umframframleiðslu. 800 m.kr. árið 2025 samkvæmt fjárlögum og 200 m.kr. til viðbótar árlega til 2029 samkvæmt fjármálaáætlun.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki Landspítala fyrir vel unnin störf því hvað sem öðru líður er ávallt ljóst að mannauðurinn er dýrmætasti auður heilbrigðiskerfisins. Því er eitt brýnasta verkefnið að hlúa að starfsfólki, skapa góðar starfsaðstæður, áhugavert og hvetjandi starfsumhverfi og tryggja nýliðun í öllum þeim heilbrigðisgreinum sem eru grundvöllur starfseminnar. Ég mun sem heilbrigðisráðherra gera allt sem í mínu valdi stendur til að vinna að þessu markmiði með öllum þeim sem að því þurfa að koma. Saman erum við sterkari.

Viðburðaríkt ár á Landspítala



Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala.

Árið 2024 var viðburðaríkt í starfsemi Landspítala líkt og vænta mátti og er óhætt að segja að árangur spítalans hafi verið með miklum ágætum. Aukin þjónusta var veitt á flestum sviðum eins og fram kemur í pistlum framkvæmdastjóra. Sem dæmi má nefna framúrskarandi árangur innan skurðþjónustunnar þar sem aukin afköst leiddu til umtalsverðrar styttingar biðlista. Einnig er eftirtektarvert hversu vel starfsfólk spítalans hefur ráðið við stóraukin verkefni á vettvangi bráðaþjónustunnar þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður og er það til marks um okkar öfluga mannauð. Þá náðist sá ánægjulegi áfangi að stigin voru fyrstu skrefin í sjúkrahúsþjónustu á heimilum fólks þegar krabbameinsþjónustan reið á vaðið. Þessi nálgun, sem hefur farið ört vaxandi í flestum löndum undanfarin ár, er ein áhrifaríkasta leiðin til að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu sjúkrahúsa ásamt eflingu göngu- og dagdeilda. Ferliþjónusta er langstærsti þáttur klínískrar starfsemi Landspítala og hana er brýnt að þróa enn frekar, meðal annars með áherslu á fjarþjónustu. Áfram var unnið að því að styrkja samskipti við notendur þjónustu spítalans sem og að auka samtal við sjúklingasamtök. Ráðning talskonu sjúklinga er mikilvægur hluti af þeirri vegferð og komu mörg mál til hennar kasta á árinu. Sérstök áhersla er lögð á að bæta þjónustu við jaðarsetta hópa sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Öflugt skipulag er forsenda árangurs

Auk viðamikils hlutverks Landspítala sem svæðissjúkrahúss, þjóðarsjúkrahúss og háskólasjúkrahúss hefur reyndin verið sú að spítalinn gegnir oft og tíðum hlutverki bakhjarls fyrir heilbrigðisþjónustu landsins, sem getur reynst mjög íþyngjandi. Fjölþætt hlutverk Landspítala hefur gjarnan þau áhrif að í hlut spítalans kemur að sinna verkefnum sem réttara væri að færu fram annars staðar. Í þessu felst ákveðin soun á innviðum heilbrigðisþjónustunnar því ekki hefur tekist fyllilega að útfæra skilvirkt kerfi þar sem rétt þjónusta er jafnan veitt á réttum stað. Ljóst er að skipulag heilbrigðisþjónustunnar hefur ekki þróast sem skyldi til að mæta stórfelldum

samfélagsbreytingum síðustu áratuga og við því þarf að bregðast. Brýnt er að hlutverk og verkaskipting meginneininga íslenskrar heilbrigðisþjónustu verði skilgreind að nýju þannig að verkefnum sé sinnt á viðeigandi þjónustustigi. Jafnframt að sköpuð verði betri yfirsýn yfir verkefni heilbrigðisþjónustunnar og starfseminni stýrt með markvissari hætti. Á þetta einkum við um grunnþjónustu en einnig þjónustu við einstaklinga sem þurfa varanlegan stuðning við athafnir daglegs lífs. Enn fremur er mikilvægt að kaup á þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna verði útfærð með markvissari hætti. Þessa er ekki síst þörf svo mögulegt verði að hámarka nýtingu úrræða innan heilbrigðisþjónustunnar og þess takmarkaða mannauðs sem við búum yfir. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að öflugt skipulag og stýring heilbrigðisþjónustunnar í landinu er forsenda þess að árangur Landspítala sé í samræmi við þá djúpstæðu þekkingu og færni sem býr í starfsfólki spítalans.

Markviss skref til að efla mennta- og vísindastarf

Háskólahlutverk Landspítala er íslensku samfélagi sérlega dýrmætt því spítalinn er ein helsta mennta- og vísindastofnun landsins á heilbrigðissviði. Þar fer fram kennsla nemenda í grunnnámi í heilbrigðisvísindagreinum auk þess sem spítalinn er meginvettvangur framhaldsnáms heilbrigðisstarfsmanna. Líkt og síðustu ár var unnið markvisst að uppbyggingu framhaldsnáms í ýmsum faggreinum, enda er það forsenda þess að unnt verði að tryggja nýliðun heilbrigðisstarfsfólks í framtíðinni. Ánægjulegt er að sjá þann mikla árangur sem sérnám í mörgum sérgreinum læknisfræði og nám í klínískri lyfjafræði hefur þegar skilað. Vísindastarfsemi Landspítala hefur átt á brattann að sækja mörg undanfarin ár og er forgangsmál að snúa þeirri þróun við. Unnið er að því að bæta aðstöðu vísindafólks og að skapa því aukinn tíma til rannsókna því þar krepur skórinn hvað helst. Þá er meginmarkmið að styrkja fjármögnun vísindastarfseminnar. Ég hef lagt þunga áherslu á að efla samstarf spítalans við

Háskóla Íslands, ekki síst þar sem stór tækifæri eru til að sameinast um kostnaðarsama innviði vísindastarfs. Á árinu var Landspítali aðili að stofnun Samtaka norrænna háskólasjúkrahúsa (Nordic University Hospital Alliance) sem samanstanda af stærstu háskólasjúkrahúsum í höfuðborgum Norðurlandanna fimm. Ég bind miklar vonir við margvísleg tækifæri sem í þessu samstarfi felast því markmið samtakanna eru að auka samvinnu á sviði rannsókna og menntunar ásamt því að bæta gæði og efla nýsköpun í heilbrigðisþjónustu.

Nær stöðugt á hæsta viðbragðsstigi innlagna

Sem fyrr voru ýmsar áskoranir áberandi á árinu og bar hæst vel þekktan flæðisvanda vegna skorts á legurýmum fyrir bráðveika einstaklinga. Af þeim sökum var rúmanýting langt umfram ásættanleg mörk ásamt því að mikill fjöldi sjúklinga beið langtímum saman á bráðamóttökunni í Fossvogi eftir að komast á legudeild. Þessi staða versnaði er leið á árið og fór svo að spítalinn starfaði nær stöðugt á hæsta viðbragðsstigi innlagna. Óhætt er að segja að þessi þróun sé áhyggjuefni með tilliti til öryggis sjúklinga. Á undanförunum árum hefur verið gripið til fjölda aðgerða innan spítalans til að bregðast við sívaxandi verkefnum innan bráðþjónustunnar en þær hafa dugað skammt þar sem eftirspurn eftir þjónustu spítalans eykst stöðugt í takt við öra fólksfjölgun og stækkandi hóp eldra fólks. Svigrúm Landspítala til að bregðast við alvarlegum atburðum sem krefjast bráðþjónustu er lítið sem ekkert af þessum sökum. Ekki verður horft framhjá því að þennan þráláta vanda má að verulegu leyti rekja til þess að á hverjum tíma dvelur á Landspítala fjöldi einstaklinga sem lokið hefur meðferð en bíða varanlegs dvalarrýmis vegna færniskerðingar. Ræður þar mestu skortur á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Áþreifanleg viðbrögð við þessari alvarlegu stöðu mega ekki dragast lengur og er einsýnt að ráðast verður af krafti í fjölgun hjúkrunarrýma og annarra vistunarræðra ásamt því að efla heimaþjónustu. Það ástand sem hér er lýst reynir verulega á alla innviði spítalans, ekki síst mannauðinn sem starfar undir miklu álagi við ófullnægjandi aðstæður. Þá er svo komið að húsnæði og tækjakostur Landspítala stenst ekki kröfur nútímans og hefur dráttur sem orðið hefur á uppbyggingu nýju mannvirkjanna við Hringbraut haft viðvarandi áhrif á getu spítalans til að bregðast við auknum verkefnum. Flutningurinn í meðferðarkjarnann og rannsóknarhúsið er því tilhlökkunarefni og mun hafa í för með sér byltingu í þjónustu og starfsumhverfi spítalans. Umfangsmikið verkefni er fyrir höndum að endurskipuleggja starfsemi Landspítala í nýju húsnæði og þá menningarbreytingu sem óhjákvæmilega fylgir.

Hlúa þarf vel að mikilvægum mannauði

Þó að fagfólki hafi ekki fjölgað í takt við aukin verkefni spítalans er engu að síður ánægjulegt að stöðugildum hjúkrunarfræðinga fjölgaði umtalsvert á árinu. Hjúkrunarfræðingar eru kjölfesta í þjónustu Landspítala og mönnun innan hjúkrunar leiðir til aukins öryggis sjúklinga. Skortur á hjúkrunarfræðingum er þó enn tilfinnanlegur og enn verri staða er uppi meðal sjúkraliða. Þá vantar lækna á ýmsum sérsviðum. Erlendu starfsfólki

fer fjölgandi og er það nú um 10% af mannauði spítalans. Hlúa þarf vel að þessum hópi því erlent starfsfólk færir spítalanum bæði dýrmæta fagþekkingu og fjölbreytileika sem endurspeglar samfélag okkar í dag. Það er óumflýjanleg staðreynd að starfsfólki spítalans mun ekki fjölga nægjanlega á komandi árum og kallar það á breytta nálgun við útfærslu þjónustunnar, meðal annars markvissa forgangsörðun verkefna og innleiðingu stafrænna lausna sem auka skilvirkni og afköst. Einnig er öflug teymisvinna lykilatriði til að árangur náist. Landspítali samanstendur af fjölda fagstétta með ólíka hæfni og færni og verður æ brýnna að nýta þennan dýrmæta mannauð á sem skynsamlegastan hátt, til dæmis með tilfærslu verkefna frá einni stétt til annarrar. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi var tekið mikilvægt skref á árinu 2024 þegar forstöðuhjúkrunarfræðingar og forstöðulæknar hófu störf en þeim er ætlað veigamiknið hlutverk í þágu framlínustarfseminnar. Sem stendur er unnið að samhæfingu verkferla og stöðlun verklags þvert á spítalann í því augnamiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar.

Rekstur í jafnvægi þrátt fyrir stórar áskoranir

Rekstur Landspítala var í jafnvægi líkt og síðustu ár. Byggist það fyrst og fremst á þjónustutengdri fjármögnun því aukin verkefni spítalans hafa haft í för með sér framleiðslu talsvert umfram áætlun. Nauðsynlegt er að þessari umframframleiðslu verði mætt að fullu með greiðslum samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands en sem stendur takmarka fjárlög að sú sé raunin. Enn fremur er ljóst að ákveðnir þættir í starfsemi spítalans þarfnast meiri fjárveitinga eigi fullnægjandi árangur að nást og nægir að nefna þróun og innleiðingu stafrænna lausna og vísindastarfsemi. Þá eru sívaxandi útgjöld vegna nýrra og kostnaðarsamra lyfja stór áskorun en það er afsprengi mikillar framþróunar í lyfjameðferð ýmissa langvinnra sjúkdóma á undanförunum árum. Í ljósi þess að fjárveitingar til Landspítala eru í eðli sínu takmörkuð auðlind er brýnt að huga stöðugt að hagkvæmni og hagræðingu í rekstri svo unnt sé að skapa svigrúm fyrir framþróunarverkefni. Ég legg sérstaka áherslu á nýtingu gagna við stjórnun spítalans, meðal annars þróun árangursvísa til að meta framleiðni og gæði auk margvíslegra mælikvarða sem notaðir verða til að stýra mannauði og rekstri.

Spennandi tímar framundan

Komandi ár í starfsemi Landspítala munu einkennast af breytingum, bæði vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu og vegna fyrirhugaðs flutnings spítalans í nýtt húsnæði. Tími er af skorum skammti og leita þarf allra tiltækra leiða til að auka framleiðni því ekki er ásættanlegt að þjónustugeta spítalans dvíni. Mikil gróska er í þróun tæknilausna á sviði heilbrigðisþjónustu og þýðingarmikið fyrir spítalann að nýta þau tækifæri sem búa í stafvæðingu og gervigreind til stuðnings mannlegri færni. Ljóst er að næstu ár munu reyna á þrautseigju, frumkvæði og úthald en í þessum umbreytingartímum liggja gríðarleg tækifæri til vaxtar og árangurs. Það eru sannarlega spennandi tímar framundan á Landspítala.

Árið 2024 á Landspítala



135.171
einstaklingur leitaði til
Landspítala



569.341
komur, símtöl og fjarþjónusta á
dag- og göngudeildum



3.573.549
rannsóknir á rannsóknarsviði



230.007
legudagar sjúklinga á
spítalanum



5.000
tölvur spítalans nota yfir 100
klínísk tölvukerfi



121.307
meðferðir veittar af
sjúkraþjálfurum og iðjupjálfum



4.330
heimili notuðu jafn mikið
rafmagn



12
sjúklingar á gjörgæslu á dag



14.525
skurðaðgerðir



16.210
komur á
bráðamóttöku barna



500.000
símtöl inn á símaver



1.271
nýir blóðgjafar



1.999
nemendur á spítalanum



3.105
börn fæðast



1.809
hjartaþræðingar



61.252
komur, símtöl og fjarþjónusta
á göngudeild og bráðamóttöku
geðþjónustu



64.501
komur á bráðadeild í Fossvogi



6.474
starfsmenn í vinnu



94.615
komur á slysa- og
bráðamóttökur



10.079
komur sjúklinga í blóðskilun



26.679
fjöldi þeirra sem leggjast inn á
legudeild



2.071
tonn af úrgangi falla til



Yfirlit yfir afkomu ársins 2024

Fjárhæðir í þúsundum króna

Tekjur	2024	2023
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar.....	101.398.536	95.145.561
Frestaðar tekjur	<u>1.840.336</u>	<u>3.270.617</u>
Tekjufært ríkisframlag samtals	<u>103.238.872</u>	<u>98.416.178</u>
Þjónustutekjur	7.256.301	6.810.743
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	151.952	147.892
Aðrar tekjur	6.017.575	5.114.194
Afgreiðslugjald og önnur gjöld af leyfisskyldum lyfjum.....	<u>251.966</u>	<u>219.373</u>
Tekjur af starfsemi samtals	<u>13.677.793</u>	<u>12.292.202</u>
Tekjur samtals	116.916.666	110.708.380
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld.....	85.197.293	79.733.554
Vörunotkun	17.710.944	16.529.025
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	9.652.804	8.467.941
Annar rekstrarkostnaður	2.449.509	2.159.215
Afskriftir	<u>2.021.162</u>	<u>3.236.073</u>
Gjöld samtals	<u>117.031.712</u>	<u>110.125.807</u>
Afkoma án fjármagnsliða	(115.046)	582.573
Fjármunatekjur.....	<u>60.056</u>	<u>24.010</u>
Afkoma ársins	<u>(54.990)</u>	<u>606.583</u>

Vaxandi starfsánægja og aukin skilvirkni

Rekstrar- og mannauðssvið samanstendur af nokkrum af lykilstoðeiningum spítalans. Þær eru mannauðseining, fjármálaeining og aðföng og umhverfi. Árið 2024 var mjög viðburðaríkt í starfseminni, ár aðgerða og hér verður farið yfir það helsta.

Aðfangapjónustan sameinuð


Árið markaði tímamót sem fyrsta starfsár aðfangapjónustu í sameinuðu formi, þar sem vöruhús, þvottahús, flutningapjónusta og deildapjónusta störfuðu saman undir einum hatti. Árið einkenndist af vexti, áskorunum og öflugu samstarfi milli eininga með það að markmiði að styðja við framúrskarandi þjónustu Landspítala.

Vöruhúsið einbeitti sér að undirbúningi flutninga í nýtt húsnæði og innleiðingu hins nýja Oracle-vöruhúsakerfis. Markmiðið er að bæta birgðastýringu og tryggja skilvirkari afhendingu til innri viðskiptavina spítalans.

Þvottahúsið stóð fyrir miklum tækjaendurbótum sem leiddu til aukinna afkasta og bættrar starfsánægju. Þessar breytingar hafa einnig stuðlað að umhverfissvænni rekstri og minna viðhaldi.


Rúmaþríf voru flutt frá flutningapjónustu yfir til ræstingapjónustu í þeim tilgangi að einfalda verklag, auka þjónustugæði og spara rekstrarkostnað.

Rekstrarkostnaður Landspítala (í þús. kr. á verðlagi ársins 2023)



Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðssviðs.

Meðalfjöldi starfsmanna



Deildapjónustan hélt áfram að vera traustur bakhjarl í daglegum rekstri spítalans og lauk innleiðingu þjónustunnar á öllum legudeildum í Fossvogi og á Hringbraut.


Saman höfum við sem teymi staðið við hlutverk aðfangapjónustu: að veita áreiðanlega og skilvirka þjónustu sem styður við öfluga heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Skilvirkari veitingapjónusta


Á árinu 2024 stóð veitingapjónustan frammi fyrir bæði áskorunum og fjölbreyttum tækifærum til umbóta og þróunar. Breytingar sem gerðar voru á mönnun og vaktaskipulagi leiddu til skilvirkari þjónustu. Á sama tíma jókst framleiðsla verulega, samhliða fjölgun sjúklinga og aukinni aðsókn starfsfólks í ELMU matsali. Ánægjulegt er að segja frá því að frá árinu 2023 hefur sala á magni veitinga til starfsfólks aukist um 800 kg á mánuði og ekkert bendir til þess að sú þróun sé að hægjast.

Á árinu var farið í hönnun og innleiðingu rauntíma þjónustukönnunar fyrir bæði starfsfólk og sjúklinga. Nú þegar hafa borist yfir 1.400 ábendingar frá starfsfólki og þjónustukönnun fyrir sjúklinga er í þróun og innleiðingu. Jákvæðar niðurstöður í þjónustukönnunum staðfesta að við erum á réttri leið. Þær veita okkur aukna hvatningu til áframhaldandi umbóta og aðlögunar að þörfum sjúklinga og starfsfólks – með sjálfbærari og heilbrigðari rekstur deildarinnar að leiðarljósi.


Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda starfsmanna




Hlutfall starfsmanna í hlutastarfi



Veikindahlutfall (án kauplausra veikinda)



Starfsmannavelta



Stórar fjárfestingar í fasteignaframkvæmdum

Stærstu fasteignaverkefnið sem kláraðust árið 2024 voru meðal annars endurnýjun á ytra byrði og gluggum á Landakoti og framkvæmdir við B-1 í Fossvogi. Stórar fjárfestingar voru gerðar í endurbótum í þvottahúsi sem auka afköst og bæta vinnuaðstöðu starfsmanna en þvottahús Landspítala er eitt stærsta þvottahús landsins og þvær um 8,5 tonn á dag.

Betri framsetning starfsemisgagna

Á árinu var mikil vinna lögð í nýja framsetningu starfsemisgagna með Power-BI mælaborðum. Heildstætt mælaborð fyrir alla klíniska starfsemi spítalans er nú aðgengilegt stjórnendum og fleirum sem nær yfir legu- og ferliþjónustu sem og gefur ítarlega sýn á starfsemi skurðstofa, þar með talið biðtíma eftir aðgerð. Þá hófst undirbúningur að slíku mælaborði fyrir rannsóknardeildir.

Framleiðsluáætlun spítalans til fimm ára var gerð og gefur hún góða mynd af þróun eftirspurnar eftir þjónustu næstu árin. Einnig var unnið ötullega með NLSH ohf að spá fyrir um rýmisþörf til ársins 2040 í tengslum við byggingu nýs meðferðarkjarna.

Mikill árangur var í innkaupum á árinu. Farið var í 28 útboð á rekstrarvörum, tækjum og þjónustu og sex útboð á lyfjum. Einnig var farið í eitt sameiginlegt samnorraent lyfjaútboð á árinu. Gerðar voru 46 verðfyrirspurnir á lyfjum auk 33 örútboda/verðfyrirspurna á rekstrarvörum. Samningskaup í lyfjum, tækjum og rekstrarvörum voru alls 48. Sendar voru út 12 RFI (Request For Information) á evrópska efnahagssvæðið.

Jákvæðar niðurstöður úr stjórnendamat

Árið einkenndist af því að allir kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði voru lausir frá og með 1.

apríl 2024. Á Landspítala er unnið eftir 24 miðlægum kjarasamningum og 21 stofnanasamningi sem gerðir eru við viðkomandi stéttarfélag. Samið var við flest stéttarfélög innan ársins 2024 en enn er ósamið við nokkur þeirra.

Framkvæmdar voru sex starfsánægjumælingar með Moodup á árinu 2024, þar sem starfsánægja í mælingu í janúar, mars og apríl mældist 7,6 en í seinni þremur mælingum ársins var hún 7,7, sem eru þau markmið sem sett voru fyrir árið. Þátttaka á tímabilinu var 40% sem er lítillega undir markmiðum. Stefnt er að því að fækka mælingum á árinu 2025 og hafa þær ársfjórðungslega í von um að bæta svarhlutfallið.

Aldrei hafa verið haldin fleiri námskeið fyrir nýja stjórnendur innan Landspítala. Námskeiðin hafa verið endurskipulögð og bætt við þremur námskeiðshlutum um inngildandi stjórnun og ráðningar á erlendu starfsfólki, verkefnastofu, persónuvernd og gæðamál auk þjónustutengdrar fjármögnunar og rafrænna stjórnendaupplýsinga.

Íslenskunámskeiðum hefur einnig verið fjölgað og eru nú kenndar þrjár námskeiðslotur á fimm stigum yfir árið og fóru um 250 einstaklingar af erlendum uppruna í gegnum íslenskunámskeið á árinu. Einnig var tekið upp stöðupróf með Mími til að geta metið betur árangur þátttakenda.

Stjórnendamat var framkvæmt fyrir yfir 200 stjórnendur í fyrsta skipti frá árinu 2021 og voru niðurstöðurnar mjög jákvæðar. Þátttökuhlutfall var um 54% og var miðgildi heildareinkunnar stjórnenda 8,4.

Landspítali tók þátt í Stofnun ársins en náði því miður ekki 35% svarhlutfalli til að vera virkur þátttakandi í mælingunni þrátt fyrir 1.829 svör frá starfsfólki. Niðurstöðurnar sýndu að Landspítali hefur aldrei mælt hærri í sex af níu þáttum könnunarinnar og verður að telja það frábæran árangur.



Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri skrifstofu lækninga.

Öflug framþróun sérnáms og umbætur í vinnuskipulagi lækna

Árið 2024 var viðburðaríkt og annasamt á öllum deildum skrifstofu lækninga á Landspítala og vil ég fyrst og fremst þakka starfsfólki deildarinnar fyrir mikil og metnaðarfull störf ásamt framlagi allra lækna stofnunarinnar til hinna ýmsu verkefna.

Vinnuskipulag lækna og nýr kjarasamningur lækna

Verkefnið „Vinnuskipulag lækna“ hófst formlega 2022 með samstarfsyfirlýsingu framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala, Læknafélags Ísland og félags sjúkrahúslækna en verkefninu er stýrt af skrifstofu lækninga. Verkefnið byggist í mjög einfölduðu máli á gerð þjónustuáætlunar fyrir lækna hversrar einingar ásamt gerð vinnuskipulags hvers og eins læknis til að markmiðum bæði spítalans og hvers læknis sé mætt. Árið 2024 lauk fyrsta fasa verkefnisins með endurskoðunum og bættum leiðbeiningum og verkferlum og þar með heildstæða innleiðingu þvert á stofnunina mögulega. Í nóvember 2024 var nýr kjarasamningur Læknafélags Íslands og ríkisins undirritaður. Þar eru gerðar umtalsverðar breytingar á vinnufyrirkomulagi og vinnutíma lækna þar sem vinnuvikan er meðal annars stýtt í 36 stundir. Framkvæmdastjóri lækninga og fulltrúar skrifstofunnar

tóku umtalsverðan þátt í undirbúningi þessara samninga sem fulltrúar heilbrigðisstofnana. Aðferðafræði vinnuskipulagsverkefnisins liggur í framhaldi til grundvallar innleiðingar samningsins. Í lok árs höfðu flestar sérgreinar lokið gerð þjónustuáætlunar byggðum á forsendum nýs samnings og mun vinna við vinnuskipulag og endurskoðun allra vaktlína sjúkrahússins halda áfram út árið 2025. Hér er um gríðarstjóra og grundvallandi breytingu á vinnufyrirkomulagi og vinnuumhverfi lækna að ræða sem í felast einstök tækifæri til umbóta.

Gæðadeild og stjórnsýsludeild klínískrar þjónustu

Í upphafi árs 2024 voru gerðar umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi gæða- og öryggismála sem eðlilegt framhald af þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað.

Hlutverki gæðadeildar var breytt og þangað ráðinn deildarstjóri. Kolbrún Gísladóttir tók við þessu hlutverki í lok árs 2024 af Róberti Magnússyni. Gæðadeild ber ábyrgð á uppbyggingu og rekstri gæðastjórnunarkerfa sjúkrahússins og mun þurfa áframhaldandi styrkingu á komandi árum, ekki síst með aukna áherslu og vottanir og faggildingu fleiri eininga í huga. Ný sameiginleg gæðahandbók Landspítala (CCQ) tók við fyrri bókum sem voru sex talsins og unnið

Sérnám samþykkt skv. reglugerð 856/2023

2016

Almennar lyflækningar
Hlutasérnám

2017

Geðlækningar
Endurskoðað fullt sérnám samþykkt

2018

Barna- og unglíngageðlækningar
Fullt sérnám
Meinafræði
Hlutasérnám
Réttarlæknisfræði
Hlutasérnám
Kjarnanám í skurðlækningum
Hlutasérnám


2019

Bráðalækningar
Fullt sérnám
Öldrunarlækningar
Fullt sérnám sem undirgrein
Svæfinga- og gjörgæslulækningar
Hlutasérnám

2020

Almennar lyflækningar
Fullt sérnám
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar
Hlutasérnám
Myndgreining
Hlutasérnám

Greidd stöðugildi almennra lækna frá 2013



var að innleiðingu mismunandi kerfisþátta hennar, þar með talið ábendingagátt fyrir sjúklinga og aðstandendur. Stjórnsýsludeild klínískrar þjónustu var sömuleiðis stofnuð í upphafi árs 2024. Ásamt því að vera faglegur bakhjarl gæðadeildar og starfsfólks þegar kemur að þyngri málum, sinnir deildin öðrum þeim faglegu málum sem samkvæmt lögum heyra undir framkvæmdastjóra lækninga og nýttist árið 2024 vel til kjörunar þeirra. Verkefni eru margslungin og varða einkum mál tengd atvikum, kvörtunum og kærnum, sem og álitamálum sem varða aðgang og eftirlit með sjúkraskrárupplýsingum, auk faglegs innihalds sjúkraskrárinnar.

Sjúkraskrárdeild

Í lok árs 2024 störfuðu 53 starfsmenn á sjúkraskrárdeild, þar af 39 heilbrigðisgagnafræðingar, 2 heilbrigðisritarar og 12 skrifstofumenn. Starfsemi sjúkraskrárdeildar felur í sér þjónustu og umsýslu við sjúkraskrá, meðal annars skráningu, ritun, læknisfræðilega kóðun, frágang, afhendingu- og móttöku gagna og skjalastjórnun.

Árið 2024 var haldið áfram með ýmis framþróunar-, umbóta- og gæðamál. Má þar nefna þróun á tveimur lausnum í samstarfi við Heilsugáttarteymi HUT, tiltekt á sjúkraskrá fyrir afhendingu afrita úr sjúkraskrá, sem og vinnu- og frágangslausn tengdri villuskráningu deilda (DRG). Farið var til dæmis í forverkefni með Kvenna- og barnaþjónustu við innleiðingu á vinnuborðinu og í framhaldinu haldnir kynningarfundir og kennsla með öllum sérgreinum Landspítala.


Teymi sjúkraskrárdeilar á sérstakt hrós skilið fyrir þann mikla árangur sem náðst hefur í bættri kóðun með

samvinnu við klínískar deildir á árinu, sem er jú forsenda DRG-fjármögnunar.

Einnig var farið var í ítarlega greiningarvinnu og settar fram tillögur um framtíðarstjórnhætti klínískra kerfa að teknu tilliti til niðurstaðna úttektar HIMSS á stafrænum sjúkraskrárlausnum á Landspítala. Samhliða því hafa tengsl við stafræna framþróun verið styrkt og aukið við klíníska ráðgjöf við þróun nýrra lausna. Þá var sett á fót ný námsbraut í nýsköpun í samstarfi milli Skrifstofu lækninga nýsköpunardeildar en námsbrautinni er ætlað að auka nýsköpunarfærni heilbrigðisstarfsfólks.

Sérnam lækna

Öflug framþróun sérnáms hélt áfram á árinu. Nokkur fjölgun var meðal námslækna á árinu, úr 201 í upphafi árs í 224 þegar þeir voru flestir. Í nóvember var haldið málþing sérnáms til heiðurs níu sérfræðilæknum sem lokið höfðu sérnámi á Landspítala á árinu. Stólaskipti urðu meðal kennslustjóra í þremur sérgreinum ásamt því að framboð á sérnámsbrautum jókst áfram, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Á annan tug gæðaverkefna var lokið samkvæmt kröfum umbótaskóla sérnáms. Á Læknadögum stóð umbótaskólinn fyrir kappræðum um mikilvægi aðkomu lækna að tækniþróun, og samvinna hófst við Þróunarsvið um námsleiðir fyrir umbætur tengdar tölvukerfum. Einnig var í fyrsta skipti auglýst ný námsbraut í nýsköpun. Áfram var unnið með heilbrigðisráðuneyti að styrkari umgjörð og fjármögnun sérnáms á Íslandi sem mun ásamt áframhaldandi metnaðarfullri vinnu innan Landspítala leika lykilhlutverk í tryggri framtíðarmönnun lækninga á Íslandi.





Ólafur Guðbjörn Skúlason, framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Áhersla á öryggi og áskoranir í mönnun

Endurnýjuð sýn og stefna hjúkrunar á Landspítala var gefin út árið 2024 og gildir hún út 2027. Stefnan er samofin stefnu Landspítala en henni er ætlað að veita skýra leiðsögn um markmið í hjúkrun sjúklinga á spítalanum.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar hefur undanfarin ár lagt sérstaka áherslu á þrjú gæðamál í hjúkrun: fyrirbyggingu byltna, þrýstingssára og óráðs hjá sjúklingum. Framkvæmd var í fyrsta skiptið gæðakönnun á þrýstingssárum barna á Barnaspítala Hringins, haldið var upp á alþjóðlega daga byltu-, óráðs- og þrýstingssáravarna til að vekja athygli á málefnum og ýmsar nýjar leiðbeiningar birtar. Fjöldi annarra verkefna er í gangi og má þar nefna verkefni um skipulag örugggra útskrifta hjá sjúklingum og um markvissara „flæði“ þeirra milli deilda spítalans.

Öryggi lyfjagjafa á krabbameinsþjónustu bætt

Landspítali tekur þátt í verkefninu „Lyf án skaða“ en það er alþjóðlegt átak um öryggi sjúklinga. Á árinu

2024 var farið í sérstakt verkefni til að bæta öryggi lyfjagjafa á krabbameinslækningadeild 11EG þar sem hjúkrunarfræðingar fengu markvissa þjálfun í 6R reglunum og mun verkefnið dreifast um allan spítalann.


Um árabil hafa hjúkrunarfræðingar á Landspítala mælt hjúkrunarþyngd með hjúkrunarþyngdarmælingartækinu RAFAELA® en þannig er hægt að meta vinnuálag og hjúkrunarþyngd sjúklinga á áreiðanlegan hátt. Eins og sjá má á eftirfarandi súluriti þá flokkuðust hlutfallslega fleiri sjúklingar í flokka IV og V árin 2022-3 en árið 2024 og er það gleðiefni að sjá álagið minnka aðeins. Má leiða líkur að því að það sé vegna fjölgunar hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og starfsfólks við umönnun þótt vissulega geti aðrir þættir spilað inn í.

Metfjöldi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga á starfsþróunarári

Efnt var til kynningarátaks á hjúkrun á Landspítala, bæði á samfélagsmiðlum og flettiskiltum víða um borgina. Mikilvægt er að vinna að jákvæðri ímynd hjúkrunar og að

Dreifing hjúkrunarþyngdarflokka 2018-2024

Byggir á RAFAELA® gögnum 15 vefrænna legudeilda (lyflækninga- og skurðlækningadeilda)



„Mönnun í hjúkrun er áskorun á Landspítala eins og annars staðar í heiminum, en mikil áhersla er lögð á gott starfsumhverfi og markvissa starfsþróun.“

sjúkraliðar, ljósmæður og hjúkrunarfræðingar séu sýnileg í samfélaginu, svo að ungt fólk og aðrir sækist eftir að mennta sig á þessum vettvangi.

Mönnun í hjúkrun er áskorun á Landspítala eins og annars staðar í heiminum, en mikil áhersla er lögð á gott starfsumhverfi og markvissa starfsþróun. Verulegur árangur náðist á liðnu ári í mönnun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, en hjúkrunarfræðingum fjölgaði um tæp 7% eða um 92 stöðugildi, en ljósmæðrum fjölgaði um tæp 5%. Mikil vöntun er á sjúkraliðum og vinna þarf markvisst að fjölgun þeirra en þeim fjölgaði um 3% á árinu eða þrettán stöðugildi.

Metfjöldi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga er á starfsþróunarári, eða 120 manns, en óvenju margir útskrifuðust á árinu frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á starfsþróunarári nýútskrifaðra ljósmæðra eru nú 13 ljósmæður.

Undanfarin ár hefur verið unnið að sérstökum hæfniviðmiðum í hjúkrun en þeim er ætlað að tryggja gæði og örugga hjúkrun. Fagráð í hjúkrun hafa unnið að sérhæfðum hæfniviðmiðum en grunnhæfniviðmið eru tilbúin og hefur verið unnið eftir þeim við aðlögun nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga síðan 2021. Verið er að vinna að hæfniviðmiðum fyrir sjúkraliða og vonast til að byrja að innleiða þau 2025.

Spennandi tímar framundan innan hjúkrunar- og ljósmóðurfræða

Árið 2024 útskrifuðust sjö hjúkrunarfræðingar og ljósmæður úr sérfræðinámi á Landspítala en um er að ræða tveggja ára nám og þjálfun að loknu meistaraþrófi í hjúkrun. Eftir námið geta þátttakendur sótt um sérfræðileyfi. Í árslok störfuðu 76 sérfræðingar í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum á Landspítala.

Árlega veitir framkvæmdastjóri hjúkrunar viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsumhverfi hjúkrunar- og sjúkraliðanema. HNE-, lýta- og æðaskurðdeild A4 hlaut viðurkenninguna árið 2024. Á deildinni eru fjölbreytt námstækifæri, þar er vel tekið á móti nemendum og allt starfsfólk tilbúið að kenna og fræða og staðfesta nemakannanir þetta.

Framundan eru spennandi tímar innan hjúkrunar- og ljósmóðurfræða á Landspítala. Tilkoma nýs meðferðakjarna gefur okkur tækifæri til að rýna starfshætti og þróa hjúkrun áfram til framtíðar með nýrri tækni og nýja þekkingu að leiðarljósi. Það er í raun einstakt tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraliða nútímans að taka þátt í þeirri miklu þróun sem nú á sér stað og þeim breytingum sem framundan eru innan hjúkrunar- og ljósmóðurfræða með hagsmuni sjúklinga og heilsuefningu að leiðarljósi.



Byltuvarnir á Landspítala

Alþjóðleg vika byltuvarna var 23.-27. september 2024. Í tilefni hennar voru nokkur ráð í forvarnarskyni birt á vefsíðu Landspítala. Innanhúss var lögð sérstök áhersla á fræðslu um byltuhættu í umhverfi sjúklinga og starfsfólk hvatt til að gera umhverfisúttekt á legudeildum til að fyrirbyggja byltur. Undirtektir voru góðar en framkvæma á slíka úttekt árlega.

Þrír nýir fræðslubæklingar um byltuhættu og byltuvarnir fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur eru komnir út.

- Byltuvarnir meðan dvalið er á spítala - fræðsluefni
- Byltuhætta og byltuvarnir - útskriftarfræðsla
- Byltur hjá eldra fólki – fræðsluefni bráðamóttöku

Nýjung í fræðslu um byltuvarnir

Í tengslum við vinnu við hæfniviðmið sjúkraliða er nú boðið upp á námskeið fyrir reynda sjúkraliða með áherslu á óráð, byltur og þrýstingssár. Námskeiðið skiptist í vefnám sem sjúkraliðar taka þegar þeim hentar og hins vegar staðlota sem fer fram í kennslusetri í Skaftahlíð og er m.a. hermikennsla.

Á árinu 2025 verður starfsfólki Landspítala boðið upp á þjálfun í að beita þverfaglegu verklagi byltuvarna með herminámi á legudeildum. Herminám er kennsluaðferð sem notuð er til að líkja eftir raunverulegum atburðum eða aðstæðum. Námskeiðin verða auglýst sérstaklega þegar þau fara í loftið.

Yfirlit yfir starfsemi þróunarsviðs árið 2024



Svava María Atladóttir, framkvæmdastjóri þróunarsviðs.

Markmið þróunarsviðs er að veita fyrsta flokks þjónustu við starfsmenn, sjúklinga og ytri stofnanir. Starfsmenn sviðsins búa yfir fjölbreyttri menntun og sérhæfðri reynslu og vinna að mestu leyti í bakgrunni að því að tryggja rekstraröryggi og þróun þjónustu, meðal annars með umsjón lækningatækja, hugbúnaðar, innviða, upplýsingaöryggis og notendabjónustu. Jafnframt styðja þeir við stafræna umbreytingu, innleiðingu nýsköpunarlausna og framkvæmd miðlægra verkefna. Sviðið vinnur á lausnamiðaðan hátt og gegnir lykilhlutverki í umbótum og þróun sem skilað hafa sér í áberandi árangri á árinu 2024.

Verkefnastofa

Stór áfangi náðist á verkefnastofu þegar ný verkefnagátt var tekin formlega í notkun. Gáttin er lykiltól fyrir spítalann í heild þar sem hún veitir yfirsýn yfir stærri verkefni í gangi, bæði þvert á einingar og innan hvers sviðs. Með

innleiðingu hennar er stigið mikilvægt skref í átt að auknu gagnsæi og stöðluðum vinnubrögðum við utanumhald og eftirfylgni verkefna. Fagleg verkefnastjórnun er forsenda þess að flókin og umfangsmikil verkefni skili tilætluðum árangri, stuðli að framþróun og tryggi ábyrga nýtingu fjármuna og mannauðs.

Upplýsingaöryggi og innviðir

Þegar öryggismálin ganga vel verður ávinningurinn gjarnan ósýnilegur, en árangurinn er engu að síður mikilvægur. Á árinu var lögð aukin áhersla á styrkingu tæknilegra innviða og fræðslu um upplýsingaöryggi í ljósi sífellt vaxandi netógnar sem stöðjar að heilbrigðiskerfum um allan heim. Á öllum tímum berast tilraunir til að brjótast inn í kerfi Landspítala en með öflugum vörnum, stöðugu eftirliti og faglegum vinnubrögðum hefur tekist að koma í veg fyrir alvarleg öryggisbrot. Þetta undirstrikar mikilvægi stöðugs viðhalds og þróunar



Starfsfólk þróunarsviðs Landspítala.

„Á árinu var lögð aukin áhersla á styrkingu tæknilegra innviða og fræðslu um upplýsingaöryggi í ljósi sífellt vaxandi netógnar.“

innviða sem og fræðslu og meðvitundar meðal starfsfólks. Upplýsingaöryggi er órjúfánlegur hluti af sjúklingaöryggi og grundvöllur öruggs og trausts þjónustu. Við höldum áfram þessari vinnu af fullum krafti, meðal annars með því að efla samstarf á alþjóðlegum vettvangi og fylgja bestu fánlegu öryggisviðmiðum og stöðlum.

Nýsköpun og stafræn framþróun

Landspítali hlaut viðurkenningu sem UT-fyrirtæki ársins 2023 á vegum Ský, og voru verðlaunin formlega afhent á árinu 2024. Þessi viðurkenning er mikilvæg staðfesting á þeirri öflugu stafrænu þróun sem átt hefur sér stað innan spítalans á undanförunum árum, auk þess sem hún endurspeglar skýran vilja til samstarfs við nýsköpunarfyrirtæki og framfarir í heilbrigðistækni.

Þessi árangur birtist einnig skýrt í því mati sem fram fór í samstarfi við NLSH ohf., þar sem framkvæmd var úttekt á þroskastigi rafrænnar sjúkraskrár Landspítala. Niðurstöður úttektarinnar, sem kynntar voru á árinu, voru afar jákvæðar og staðfesta að Landspítali er á réttri leið með nýtingu Heilugáttar sem lykilkerfis í starfsemi spítalans. Þær endurspeglar jafnframt þá faglegu og öflugu vinnu sem þróunarteymi spítalans, í nánú samstarfi við klínísku

starfsmenn, hafa lagt að baki. Landspítali hefur í höndum einstakt tækifæri til að þróa rafræna sjúkraskrá sem verður til fyrirmyndar á heimsvísu – og unnið verður áfram af einurð að því markmiði.

Þjónustumiðstöð og þjónusta

Þjónusta við klínísku starfsemi er kjarnahluti í hlutverki og stefnu Þróunarsviðs, og hefur lykilþýðingu fyrir forgangsroðun, verkefnaval og árangur sviðsins.

Lækningatæki eru ómissandi þáttur í rekstri spítalans, og án þeirra væri öryggi og virkni klínískrar starfsemi verulega skert. Öflugur og sérhæfur hópur sér um utnumhald, innkaup og uppfærslu tækjabúnaðar sem er lykilforsenda öruggs og skilvirkar heilbrigðisþjónustu. Á árinu var þróað nýtt ferli fjárfestingarnefndar í samstarfi við lækningatækjahópinn með það að markmiði að einfalda forgangsroðun og efla samvinnu við stjórnendur í tengslum við fjárfestingar og endurnýjun lækningatækja.

Þjónustumiðstöð spítalans vinnur markvisst að því að styðja við daglega starfsemi með því að veita skjót og fagleg svör við öllum þeim spurningum og fyrirspurnum sem berast. Hún er ávallt til staðar sem traust bakland fyrir starfsfólk spítalans sem og allir starfsmenn Þróunarsviðs.

Staða nýsköpunar á Landspítala


Margt hefur áunnist síðustu misserin varðandi framgang og þróun nýsköpunar á Landspítala. Í upphafi árs var ráðist í stefnumótunarvinnu með samstarfsaðilum og nýsköpunarfyrirtækjum og unnið hefur verið samkvæmt þeirri áætlun. Unnið hefur verið að yfir 50 samstarfsverkefnum í þessum flokki og sífellt bætast ný við.

Aukin tækifæri með gervigreind

Spítalinn er áhugasamur um frekari nýtingu gervigreindar til stuðnings starfseminnar og eru nokkrar slíkar í farvatninu. Landspítalinn fékk nú í haust styrk fyrir tveimur Fléttuverkefnum í samstarfi við fyrirtækið Miðeind. Fyrri verkefnið gengur út á leit í gæðaskjöllum, klínískum leiðbeiningum og vefsvæðum spítalans sem skilar skýrum og snöggum svörum. Lausnin verður nýtt jafnt fyrir starfsfólk og sjúklinga. Samhliða verður virkinn samþætt klínískum ferlum í Heilsugátt. Seinna verkefnið er innleiðing lausnar sem ætlað er að skila vönduðum texta úr hljóðupptökum lækna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Miðstöð um sjúkraskrárritun á spítalanum. Fyrr á árinu var einnig lokið við innleiðingu á talgreiningarlausn í samstarfi við Tíro og myndgreiningarþjónustu þar sem röntgenlæknar nota talgreiningu til að skrá greiningasvör inn í sjúkraskrá.

Mikil gróska í nýsköpun

Nú fyrr í mánuðinum samdi Landspítali við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um umsýslu eignarhluta spítalans í sprotafélögum á sviði heilbrigðistækni. Um er að ræða 11 sprotafélög en gert er ráð fyrir að eignasafnið stækki



Nýsköpun á Landspítala stendur í miklum blóma. Á myndinni má sjá Margréti Möndu Jónsdóttur, forstöðuhjúkrunarfræðing endurhæfingarþjónustu, á Iceland Innovation Week á síðasta ári.

í framtíðinni. Landspítali hefur eignast þessa hluti í sprotafélögum við að leggja frumkvöðlum spítalans lið í upphafi, einkum í formi aðstöðu, aðgangs að tækjum eða með öðrum hætti en fyrirkomulagið er vel þekkt í vísindasamfélaginu. Í samningnum felst að Nýsköpunarsjóður fer með eignarhlutina og nýtist þar sérþekking sjóðsins á rekstri sprotafélaga.

Ljóst er því að mikil gróska er í nýsköpun á spítalanum og í því sambandi má nefna að á næsta ári verður boðið upp á þjálfun í nýsköpun fyrir sérnámslækna sem kynnt verður betur á næstunni.

Vaxandi starfsemi með margvíslegum nýjungum



Már Kristjánsson, framkvæmdastjóri bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarpjónustu.

Arið 2024 fór af stað með krafti. Áramótin 2023-2024 var sviðið stofnað á grunni lyflækninga- og bráðasviðs og öldrunar- og endurhæfingasviðs. Með niðurfellingu „öldrunar“ hlaut sameinað svið nafnið bráða-, lyflækninga- og endurhæfingasvið (BLE) með áherslu á endurhæfingarpjónustu án aðgreiningar.

BLE er stórt svið með 275 sjúklinga í legurúmum auk dag- og göngudeildarstarfsemi. Innan sviðsins eru 15 legudeildir; 7 bráða- og 8 endurhæfingadeildir (Fossvogur, Grensás, Hringbraut, Landakot). Ferlipjónusta er að auki rekin á Eiríksgötu. Það eru 20 starfsstöðvar dag- og göngudeilda á sviðinu á 5 stöðum, auk 5 rannsóknasetra; heila- og taugarannsóknastofa, svefnrannsóknastofa, meltinga- og berkjuspeglanir, grunnrannsóknir svefn- og gigtsjúkdóma. Bráðamóttaka tekur á móti slösuðum og veikum og þar er auk þess að finna tengda starfsemi svo sem neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, heimilisofbeldis, mönnun þyrluáhafnar Landhelgisgæslunnar og viðbragðsáætlun almannavarna. Innan sviðsins er rekin háþrýstilækningadeild með sólarhrings viðbragðspjónustu.

Mikilvægt skref að ráða forstöðulækni og forstöðuhjúkrunarfræðinga

Mikilvægt skref var stigið vorið 2024 með ráðningu forstöðulæknis og forstöðuhjúkrunarfræðinga. Líkt og umfang starfseminnar sýnir er mikilvægt fyrir framkvæmdastjóra að hafa forstöðumenn sér við hlið í daglegri og stefnumótandi stjórnun sviðsins. Forstöðulæknir fer fyrir lækningum á sviðinu en auk hans voru ráðnir forstöðuhjúkrunarfræðingar legudeilda-, ferli- og endurhæfingarpjónustu sviðsins. Umfangsmikil þjónusta sjúkraþjálfunar, iðjupjálfa og talmeinafræðinga heyrir undir framkvæmdastjóra en nánari útfærsla stöðu þessara starfsstétta bíður 3. áfanga skipulagsbreytinga.


Klínísku sviðin sem sett voru á laggirnar 2023 unnu að því að styrkja rekstur, efla faglega samhæfingu auk gæða og öryggi þjónustunnar.

Margir með gilt færni- og heilsumat vistast langdvölum á Landspítala

Frá stofnun BLE hefur starfsemi verið þung og þyngdist

„Legudeild“ bráðamóttöku (dvalir > 24 klst)

25% aukning frá 2022 á fjölda sjúklinga sem dvelja lengur en 24 klst.



eftir því sem á leið. Hér veldur mestu að fjöldi þeirra einstaklinga sem hafa lokið meðferð á Landspítala og komast hvorki heim né í viðeigandi dvalarúrræði eykst stöðugt. Í ársbyrjun 2024 dvöldu 80 einstaklingar með gilt færni- og heilsumat (FHM) á Landspítala, þar af 70 á deildum BLE. Af þeim voru 30 á Landakoti og 17 á biðdeild. Í árslok 2024 voru FHM einstaklingar 78, þar af 73 á deildum BLE; 33 á endurhæfingu aldraðra á Landakoti en 17 á biðdeild Landakots. Þessi þróun hefur haldið áfram fram á vor 2025 og þrengir að getu sviðsins til að sinna hlutverki sínu.

Á BLE eru 246 skilgreind legurúm; 123 á bráðalegudeildum og 123 á endurhæfingardeildum (Landakot og Grensás). Þar af eru 16 rúm á biðdeild Landakots. Þrátt fyrir þennan fjölda skilgreindra rúma innan sviðsins eru 20-30 einstaklingar til viðbótar á legudeildum sviðsins auk fjölda sjúklinga á bráðmóttöku á vegum lyflækninga. Fjöldi sjúklinga sem dvelur yfir 24 klukkustundir á bráðamóttöku vex ár frá ári (sjá mynd).


Í árslok 2024 nýttu einstaklingar með gilt FHM 20 af 123 rúmum bráðalegudeilda (16%) og 53 af 123 rúmum endurhæfingadeilda (43%). Afleiðingin er að bráðveikir einstaklingar dvöldu of lengi á bráðamóttöku (35 að meðaltali dag 2024). Dvöl á bráðamóttöku umfram 6 klukkustundir er talin ógn við öryggi sjúklinga og kemur niður á gæðum þjónustu.

Tækjabúnaður endurnýjaður og þjónusta efla

Þrátt fyrir dökka mynd sem dregin er upp var árangurinn að mörgu leyti góður. Starfsemin hefur vaxið hvort sem litið er til fjölgunar koma á dag- og göngudeildir eða afkasta legudeildarþjónustu.

Í ferliþjónustu eru margvíslegar nýjungar. Stafvæðing þjónustu kynsjúkdómadeilda og fjarvöktun sjúklinga með langvinna lungnateppu og sykursýki eru dæmi um slíkt. Þriðja rannsóknastofa fyrir sjúklinga með flóknar

Komur á allar bráðamóttökur spítalans



svefntruflanir var opnuð þar sem er unnt að sinna notendum rafdrifinna hjólastóla. Stórstígar framfarir í þróun meltingaspeglana með liðsaka japansks meltingalæknis með sérmenntun í nýjungum í meltingaspeglunum. Unnt hefur verið að fjarlæga æxli úr meltingavegi sem áður þurfti opnar skurðaðgerðir.

Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á tækjabúnaði innan sjúkráþjálfunar, einkum á Landakoti og á starfsstöð í Fossvogi.

Á árinu opnaði farsóttareining á 1. hæð í B-álmu spítalans í Fossvogi. Þar eru jafnframt göngudeild smitsjúkdóma, bráðadeild lyflækninga og aðstaða sjúkráþjálfunar og iðjuþjálfara auk talmeinafræðinga. Aðstaðan skapar framangreindri starfsemi verðuga og glæsilega starfsaðstöðu auk bættrar aðstöðu sjúklinga.

Vettvangsteymi hjúkrunar fyrir einstaklinga samfélagsins með flóknar þjónustuþarfir var sett á laggirnar á árinu.

Þjónusta við transfólk var efla á árinu. Miðstöð transfólks er nú starfrækt af sérstöku teymi í Skógarhlíð. Engir biðlistar eru lengur eftir þjónustu teymisins.

Nýjung í fjarvöktun lungnasjúklinga

Þann 6. september síðastliðinn skrifuðu Landspítali og Öryggismiðstöðin undir samstarfssamning vegna tilraunaverkefnis um fjarvöktun 30 lungnasjúklinga til næstu 12 mánuða.

Norska fjarvöktunarkerfið Dignio, sem notað er í þessu verkefni, er nú þegar í notkun á íslenskum markaði og hefur verið að skila góðum ávinningi. Markmið tilraunaverkefnisins er tvíþætt og snýr annars vegar að spítalanum og hins vegar að sjúklingum.

Í fyrsta lagi eru markmiðin þau að ná að bregðast fyrir við versnun sjúklinga með snemmtækri íhlutun, koma þannig í veg fyrir frekari versnun og mögulegri komu á Bráðamóttöku eða innlögn á spítalann. Einnig eru vonir bundnar við fækkun heimavítjana, og fyrirkomulagi á göngudeild verður breytt þar sem sjúklingar eru kallaðir inn þegar þeir þurfa á þjónustu að halda frekar en í föst innlit. Í öðru lagi eru markmið fyrir sjúklinga að auka heilsulæsi þeirra, að sjúklingar taki meiri ábyrgð á eigin heilsufari, öryggi þeirra aukist og lífsgæði verði betri.

Framtíðarmöguleikar þessa verkefnis eru miklir og eru vonir bundnar við að ávinningur verkefnisins verði í takt



Á myndinni má sjá Má Kristjánsson framkvæmdastjóra bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu, Ómar Örn Jónsson Framkvæmdastjóra Velferðar og ráðgjafar hjá ÖMI, Diljá Guðmundsdóttur sérfræðing í heilbrigðistækni hjá ÖMI, Önnu Maríu Sighvatsdóttur sérfræðing í heilbrigðistækni hjá ÖMI og Signýju Jónu Hreinsdóttur verkefnastjóra á Verkefnastofu Landspítala. Á myndina vantar: Sigríði Erlu Sigurðardóttur og Hrönn Árnadóttur, hjúkrunarfræðinga í Lungnaheimateymi.

við markmiðin, og að fleiri tækifæri muni skapast innan spítalans við yfirfærslu þjónustunnar á fleiri deildir og efla þar með þjónustu við fleiri sjúklingahópa.

Stytttri bið eftir aðgerð og aukin starfsánægja


Skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæslubjónusta (SKUGG) Landspítala fór með himinskautum á árinu sem leið, eins og starfsems- og rekstrartölur sýna. Starfsemi sviðsins er breið og teygir sig víða um Landspítala, allt frá kjarnastarfsemi í Fossvogi og á Hringbraut yfir í dauðhreinsunardeild á Tunguhálsi og sérhæfða verkjamiðstöð í Holtasmára. Starfsemin hefur aukist á öllum vígstöðvum, enda fjölgar verkefnum hratt í takt við fólksfjölgun sérstaklega í eldri aldurshópum. Samstarf, samvinna og bætt tækniþróun gerir okkur kleift að sinna sífellt veikari einstaklingum með flóknari vandamál. Góðum árangri þökkum við samhentu starfsfólki og stjórnendum þvert á sviðið - ávallt með sjúklinginn í forgrunni.

Stytttri biðtími í valkvæðar skurðaðgerðir

Biðtími í valkvæðar skurðaðgerðir, þar með talið krabbameinsaðgerðir, hefur styst og sjúklingar sem þurfa bráðaaðgerð fá þjónustu innan þeirra tímaviðmiða sem bráðleikinn segir til um í langflestum tilfellum. Skurðaðgerðum innan sérgreina sviðsins fjölgaði um 2,5% og hníftími jókst um 5,9% til marks um aukna nýtingu og

Hníftími aðgerða í mínútum*

Tími frá því að hnifur fer í sjúkling þar til að sári er lokað




* Öll svið Landspítala að frátöldum inndælingum í auga.



Þórir Svavar Sigmundsson, framkvæmdastjóri skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæslubjónustu.

Skurðaðgerðir*



* Öll svið Landspítala að frátöldum inndælingum í auga.

flóknari aðgerðir. Glæsilegur árangur! Sömuleiðis fjölgar dagdeildaraðgerðum, það er að segja að sjúklingar komast heim sama dag án þess að það komi niður á gæðum og öryggi þjónustunnar. Á Landspítala fara t.d. 83% sjúklinga heim sama dag eftir brottnáam blöðruhálskirtils í þjarka - sem var óhugsandi fyrir nokkrum árum og einsdæmi í alþjóðlegum samanburði. Heima er best og ljóst að á næstu árum mun spítalabjónusta þróast og færast inn á heimili fólks stutt snjöllum tæknilausnum og þátttöku sjúklinga.

Annað árið í röð fjölgaði speglunum (meltingarvegur og lungu) ásamt æðarannsóknnum og myndgreiningarinngrípum í rannsóknar- eða meðferðarskyni umtalsvert (~10%). Með aðkomu svæfingateymis í öflugu samstarfi við speglunar- og myndgreiningarteymi eru framkvæmd sífellt flóknari inngríp og gæði þjónustunnar í takt við það sem gerist best á erlendum háskólasjúkrahúsum.

Sjúklingar ánægðir með þjónustuna

Göngudeildir, dagdeildir, legudeildir og ný sameinuð vöknunardeild eru hjartað í starfseminni og hafa sýnt mikla seiglu, aðlögunarhæfni og lausnamiðun við krefjandi

„Gjörgæsludeildirnar, sem sinna okkar allra veikustu sjúklingum á öllum aldursbilum og aðstandendum þeirra, vinna þétt saman í krefjandi aðstæðum.“


starfsaðstæður til að takast á við aukinn fjölda sjúklinga sem þurfa á þjónustu okkar að halda. Þjónustukannanir meðal sjúklinga sýna heilt yfir mikla ánægju með þá þjónustu sem við veitum og endurgjafir frá bæði sjúklingum og starfsfólki hvetja okkur áfram til að gera enn betur.

Gjörgæsludeildirnar, sem sinna okkar allra veikustu sjúklingum á öllum aldursbilum og aðstandendum þeirra, vinna þétt saman í krefjandi aðstæðum. Enginn dagur er öðrum líkur á gjörgæslunum en með öflugri þjálfun og teymisvinnu allra starfsstétta tökumst við æðrulaus á við verkefnin. E. coli faraldur meðal leikskólabarna og öll þau slys og áverkar sem við lesum um í fjölmiðlum láta engan ósnortinn en sýna vel þann mikla styrk og mikilvægi sem gjörgæsludeildirnar eru fyrir okkar samfélag.


Starfsánægja á SKUGG í hæstu hæðum

Starfsánægja hefur ekki mælst hærrí í mörg ár á sviðinu. Það er gaman að vinna á SKUGG enda þjóðum við upp á hlaðborð af krefjandi verkefnum, hvetjandi samstarfsfólki og stjórnendum. Tækifæri til framþróunar eru einnig fjölmörg. Á næstu árum stöndum við frammi fyrir miklum

Hlutfall dagdeildaraðgerða



áskorunum – sú stærsta að flytja ört stækkandi starfsemi í gjörbreyttar aðstæður í nýjum meðferðarkjarna og að endurskipuleggja starfsemina enn betur að þörfum samfélagsins. Dauðhreinsun mun ríða á vaðið fyrst til að tryggja grunnstoðir skurðstofustarfseminnar og klínísk starfsemi mun fylgja þar á eftir. Í þessu felast mörg tækifæri sem munu gera okkar starfsfólki kleift að veita sjúklingum enn betri þjónustu í framtíðinni.



Nýr línuhraðall

Línuhraðall er mikilvægt tæki sem notað er í geislameðferð gegn krabbameinum, en ríflega helmingur þeirra sem greinast með krabbamein fara í geislameðferð sem hluta af sínu meðferðarferli. Á geislameðferðardeild eru tveir línuhraðar sem þjónusta tæplega 1.000 sjúklinga ár hvert. Nú er unnið að því taka nýjan línuhraðal í notkun. Um er að ræða endurnýjun á eldri línuhraðli deildarinnar, sem var orðinn 11 ára gamall. Kostnaður við hraðalinn og nauðsynlegan fylgibúnað er um 600 milljónir króna.

Nýi línuhraðallinn er sambærilegur þeim sem verið er að skipta út, en bæði tækin eru af gerðinni TrueBeam

frá Varian. Nýja línuhraðlinum fylgir endurbættur myndatökubúnaður sem gefur mun skýrari tölvusneiðmyndir sem og meðferðarborð með fleiri stillingarmöguleikum. Hvort tveggja eykur nákvæmni og öryggi sem getur skilað sér í betri geislameðferð og minni aukaverkunum.

Endurnýjunin er fyrst og fremst mikilvæg til að tryggja rekstraröryggi enda er geislameðferðardeild Landspítala eini staðurinn á Íslandi þar sem veitt er geislameðferð. Eldri hraðallinn var farinn að sýna aukna bilanatíðni með tilheyrandi rofi á meðferðum.

Umbætur og aukið notendasamráð í þágu kvenna og barna



Dögg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnaþjónustu.


Ákvenna- og barnaþjónustu (KBÞ) hefur starfsárið verið fjölbreytt. Fjölgun íbúa landsins og þar með talið barna hefur haft áhrif. Lögð hefur verið áhersla á eflingu ferliþjónustu til að mæta aukinni þjónustuhörf. Árið 2024 fjölgaði komum á göngudeildir KBÞ um 3,9% eða 3.800 og komum á bráðaþjónustu KBÞ um 6,2%. Það eru tæplega 1.500 fleiri komur en árið 2023. Meðalfjöldi innliggjandi sjúklinga jókst um 1,8%

Fjölmörg umbótaverkefni hafa verið í gangi. Þar má nefna sameiginlegt verkefni Vökudeilda og fæðingþjónustu um aukinn „húð við húð“ tíma barns. Ferlum og aðstöðu hefur verið breytt til að mæta þörfum fyrirbura og veikra nýbura og gera þeim kleift að vera eins mikið og hægt er í fangi foreldra. Á barna- og unglingageðdeild hefur verið unnið þrekvirki í bættu aðgengi með styttingu biðtíma. Rauði þráðurinn hefur verið notendasamráð. Notaðar eru stuttar þjónustukannanir til barna og foreldra og á barna- og unglingageðdeild er starfandi notendaráð. Undanfarið ár hefur starfsfólkið breytt og bætt þjónustuna með fagmennsku að leiðarljósi. Þjónusta göngudeilda og bráðateymis hefur eflst og innlögnum fækkað.

Þrekvirki unnið á Barnaspítala Hringsins eftir hópsýkingu

Starfsfólk Barnaspítala Hringsins hefur hafið umbótavegferð til að auka gæði og öryggi þjónustu.

Fæðingar á Landspítala



Stjórnendateymið hefur unnið að stefnumótun, atvik hafa verið rýnd og fjölmörg umbótaverkefni sett í gang. Barnaspítallinn fékk ærna áskorun síðastliðið haust þegar upp kom faraldur EHEC sýkingar. Á nokkrum dögum var myndað teymi til að sinna sjúklingahópnum, staðlað verklag var birt, eftirlit skipulagt og var þétt samstarf milli sóttvarnalæknis og Landspítala. Þrekvirki var unnið á þessum dögum og gekk þjónusta og eftirlit sjúklinganna vel þrátt fyrir alvarleg veikindi og mörg börn sem veiktust. Fjölmargir starfsmenn lögðu hönd á plóg og eiga miklar þakkir skilið.

Á kvenlækningadeild var tekin upp sú nýjung að bjóða upp á legspeglanir í staðdeyfingu á göngudeild í stað þess að vera framkvæmdar á skurðstofu. Aðgengi að legspeglunum hefur bæst til muna og á árinu voru framkvæmdar 150 legspeglanir í staðdeyfingu með góðum árangri. Verkefnið er hluti af vegferð kvenlækninga að halda biðtíma í skurðaðgerðir innan viðmiðunarmarka en með auknu framboð aðgerða í staðdeyfingu er hægt að nýta skurðstofur betur.

Starfsfólk útsjónarsamt í krefjandi aðstæðum

Árið hefur ekki verið án áskorana, húsakostur kvennadeilda er kominn til ára sinna og umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir til að bæta loftgæði í B álmu hafa valdið róti á starfseminni. Deildir hafa þurft að flytja milli húsa og hæða. Hávaði og ryk tengt framkvæmdum hafa valdið óþægindum. Í frosthörkum vetrarins sprakk hitaveiturör í A álmu og olli leka sem einnig krafðist töluverðra framkvæmda og tilfærslu starfsemi. Starfsfólk hefur sýnt aðdánarverða seiglu og útsjónarsemi við að vinna í kringum krefjandi aðstæður þar sem húsnæðið hefur verið takmarkandi þáttur.

Starfsánægja á sviðinu er vaxandi og fékk sviðið sína hæstu einkunn 7,9 í Moodup í síðustu könnun. Kvenna- og barnaþjónusta er á öruggri vegferð að veita notendamiðaða örugga þjónustu með fagmennsku að leiðarljósi. Samkennd, þekking, sköpunargleði og þrautseigja starfsfólksins í síbreytilegum aðstæðum eru aðdánarverð og gera öflugt starf kvenna- og barnaþjónustu mögulegt.



Viðir Örn Eðvarðsson og Sindri Valdimarsson, læknar á Barnaspítala Hringins, segja frá þungum róðri á Barnaspítalanum í nóvember.

Grettistaki lyft í E. coli-faraldrinum

Í október síðastliðnum greindist á bráðamóttöku Barnaspítala Hringins E. coli baktería sem myndar svokallað Shiga-eitur (e. Shiga toxin-producing E. coli, STEC) í saursýni barns með blóðugan niðurgang. Fljótlega varð okkur ljóst að um hópsýkingu var að ræða en alls greindust 49 tilfelli í þessari hópsýkingu, þar af 45 börn frá sama leikskóla en STEC-bakterían fannst í matvælum sem þau höfðu neytt. Í 12 tilfellum leiddi STEC-iðrasýkingin til rauðkornasundrunar- og nýrnabilunarheilkennis (e. hemolytic uremic syndrome, HUS), sem er mjög alvarlegur nýrnasjúkdómur sem einnig leggst á heilann og fleiri líffæri. Sjúkdómsmyndin einkennist af hratt hnignandi nýrnastarfsemi, og eyðingu rauðra blóðkorna (blóðleysi) og blóðflagna. Óheppilegt var í þessum faraldri að börnin voru á þeim aldri þar sem hættan á HUS í kjölfar STEC-iðrasýkingar er hvað mest.

Þar sem HUS getur birst allt að 2 vikum eftir upphaf STEC-iðrasýkingar var öllum sem höfðu sýkst fylgt eftir á Bráðamóttöku barna samkvæmt föstu verklagi þar sem hvert barn kom minnst 5 sinnum í eftirlit á 15 daga tímabili þar sem skimað var fyrir HUS. Árið 2019 reið yfir mun smærri STEC faraldur þar sem fjöldi greindra sýkinga var 22, en þá fylgdu við mjög svipuðu verklagi og nú var gert.

Í hverri heimsókn var settur æðaleggur og vökvi gefinn í æð í minnst 2-4 klst. Þegar merki sáust um HUS voru börnin lögð inn á spítalann þar sem reynt var að milda nýrnaskaðann með 7-10% yfirvökvun sem rannsóknir benda til að geti dregið úr þörf fyrir skilunarmedferð. Veikustu börnin í þessari hópsýkingu þurftu umfangsmikla

meðferð, meðal annars blóðskilun, kviðskilun og öndunarstuðning. Áhugavert er að fjöldi koma á Bráðamóttöku barna vegna hópsýkingarinnar var a.m.k. 250 á þessum stutta tímabili, innlagnir á legudeild vegna HUS voru 12 og fjöldi legudaga er orðinn 180 en þar af 52 dagar á gjörgæslu.

Ómögulegt er að ráða við verkefni af þessari stærðargráðu án aðkomu allra fagstétta, þó mest hafi mætt á læknum og hjúkrunarfræðingum. Við viljum nota tækifærið og þakka öllu starfsfólki bráðamóttöku og legu- og göngudeilda barnaspítalans, sem hljóp á tvöföldum hraða, mætti á aukavaktir og leysti meðal annars nýrnalækna barnaspítalans, sem eru tveir, undan öðrum skyldum svo þeir fengju rými til að sinna veikustu börnunum; starfsfólki gjörgæslu (sem nánast tæmdi deildina til að skapa rými fyrir börnin)

og skilunardeildar fyrir þeirra mikilvæga framlag í þessu risavaxna verkefni þar sem gott skipulag frá fyrsta degi, jákvæðni og samstaða voru lykilþættir. Börnin eru nú öll á batavegi en mörg þeirra munu þurfa langtímaeftirlit með nýrnastarfsemi.

„Ómögulegt er að ráða við verkefni af þessari stærðargráðu án aðkomu allra fagstétta, þó mest hafi mætt á læknum og hjúkrunarfræðingum.“

Yfirlit yfir starfsemi klínískrar rannsókn- og stoðþjónustu 2024

Árið 2024 hefur verið ár mikilvægra framfara og umbóta innan klínískrar rannsókn- og stoðþjónustu. Á sama tíma og við horfum til bjartrar framtíðar í nýjum Landspítala, þá vinnur öflugt starfsfólk stöðugt að því að efla þjónustu til að tryggja öryggi sjúklinga. Það hefur sérstaklega áunnist gegnum tækni framfarir, endurskoðun verkferla, innleiðingu gervigreindar með áherslu á gæðavottun og samhæfingu starfseminnar.

Aukið lyfjaöryggi

Við flutning í nýjan Landspítala verður innleitt lokað lyfjaferli sem eykur lyfjaöryggi sjúklinga með rafrænum rekjanleika gegnum nýjan tækni- og hugbúnað. Vinnan er þegar hafin, meðal annars með kaupum á fyrsta rafræna lyfjaskápnunum, en hann eykur lyfjaöryggi og skilvirkni birgðahaldis. Útbúnir voru miðlægir birgðalistar lyfja fyrir helstu legudeildir, sem tryggja réttar birgðir lyfja á lyfjaherbergjum og betri yfirsýn. Veruleg aukning var í starfseminni, en nú fá 25 deildir lyfjaskömmun og/



Björn Rúnar Lúðvíksson, framkvæmdastjóri klínískrar rannsókn- og stoðþjónustu.

eða birgðastýringu. 26% aukning var í lyfjafræðilegum fyrirspurnum bæði til miðstöðvar lyfjaupplýsinga og eitrunarmiðstöðvar. Ný útgáfa af lyfjalista Landspítala var tekin í gagnið sem stuðlar að aukinni hagkvæmni og lyfjaöryggi. Fylgni við lyfjalista er afburðar góð og var 93% á árinu.



Gervigreindartækið Genius

Gervigreindartækið Genius frá Hologic var tekið í notkun á meinafræðideild Landspítala við greiningu frumusýna frá leghálsi. Aðferðarfræðin hefur rækilega sannað sig, meðal annars gegnum skilvirkari vinnuferla, aukið öryggi og léttu vinnuálag við greiningu leghálskrabbameins af sérþjálfuðu starfsfólki.


Nýtt húsnaði erfða- og sameindalæknisfræðideildar

Á árinu sameinaðist öll rannsóknþjónusta Erfða- og sameindalæknisfræðideildar í glæsileg húsakynni að Skógarhlíð 12. Með þessu skapaðist aukið hagræði og mannvænni vinnustaður, sem þrengsli og heilsuspillandi

Þjónustukannanir KRaSS árið 2024 voru sex talsins



Fjöldi rannsókna



eldra húsnæðis hömluðu. Mikil ánægja er meðal starfsfólks með nýja húsnæðið sem hefur nú þegar gert deildinni kleift að innleiða nýjar greiningaleiðir og efla þjónustu.

Sameining deilda innan myndgreiningarþjónustu

Þegar skipulagsbreytingar tóku gildi, sameinuðust Inngrips- og æðapræðingardeild og Myndgreiningardeild á ný. Mörg verkefni voru í gangi er varða innra skipulag en vert er að nefna tvö verkefni sem lagt var upp með til að bæta öryggi sjúklinga og þjónustu við þá.

Innleitt var Quaelum Dose, sjálfvirktt gæðaeftirlitskerfi með geislaskömmum í myndgreiningarrannsóknum sem framkvæmdar eru með jónandi geislun. Það eykur öryggi sjúklinga, myndgæða og skilvirkni rannsókna. Kerfið auðveldar yfirsýn á notkun geislaskammta til einstaka sjúklinga hér á landi auk samanburðar við önnur lönd. Þetta bætta verklag hefur dregið úr sóun starfsfólks við þetta mikilvæga gæðaeftirlit.

Hafin var notkun gervigreindarhugbúnaðar við úrlestur bráðra stoðkerfisrannsókna sem kallast SmartUrgencies. Læknar geta nýtt sér aðstoð hugbúnaðarins þegar grunur er um brot eða liðhlaup. Tilgangur verkefnisins er að stytta biðtíma skjólstæðinga Bráðamóttöku en þangað leita margir vegna bráðra vandamála í stoðkerfi. Einnig er þess vænst að gæði frumúrlestrar aukist, frávikum fækki og vinnuumhverfi verði betra. Markar þetta ár því upphaf að aukinni innleiðingu á notkun gervigreindar á öllum stigum starfseminnar innan sviðsins.

Ánægja með þjónustu klínískrar rannsókna- og blóðbankaþjónustu

Þjónustukannanir voru framkvæmdar innan kjarna klínískrar rannsókna- og blóðbankaþjónustu á árinu. Þær styðja við stöðugar umbætur með því að veita innsýn í upplifun og þarfir notenda, auðvelda greiningu frávika, auk þess forgangsraða verkefnum í samræmi við kröfur gæðavottunarkerfa. Niðurstöðurnar sýna að yfir 90% notenda voru ánægðir með þjónustuna. Virk hlustun og markviss notkun á endurgjöf eru grunnstoðir umbótastarfs til að styrkja enn frekar gæði þjónustunar og efla traust notenda.



Sigríður Jóna Bjarnadóttir, teymisstjóra transteymis fullorðinna, Landspítala.


Aukin þjónusta transteymis Landspítala

Undanfarið hefur átt sér stað mikil uppbygging á transteymi Landspítala. Áður fyrr var einungis einn læknir og sálfræðingur á einingunni, einu sinni í viku, en nú starfar teymið alla virka daga.

Samhliða aukningu á beiðnum til teymisins hefur starfsfólki fjölgað og nú hefur verið ráðið í stöðu félagsfræðings, teymisstjóra og yfirlæknis.

Fólk þarf ekki að fá beiðni frá lækni til að hitta transteymið. Einungis þarf að senda tölvupóst á transteymi@landspitali.is og leggja fram beiðni um viðtal.

Transteymi Landspítala leggur mikið upp úr góðu samstarfi við Samtökin '78 og Trans Ísland og trúa því að samvinna og reglulegir fundir hjálpi til við að veita bestu þjónustuna.



Húð og kynsjúkdóma-rannsóknir nú í Landspítalaappinu

Nú er orðið auðveldara að fá tíma hjá göngudeild húð- og kynsjúkdóma og hægt að fara í gegnum allt ferlið án þess að tala við einn einasta heilbrigðisstarfsmann.

Í Landspítala-appinu þarf einungis að fylla út spurningalista og fá í framhaldi strikamerki sem notað er til að opna snjallbox á húð og kyn, þar sem finna má sýnatökuglas og leiðbeiningar. Að rannsókn lokinni eru niðurstöðurnar sendar beint í appið.

Landspítali vonast til að þetta hvetji ungt fólk til að láta tékka á sér ef grunur er um kynsjúkdóm.

Hægt er að nálgast Landspítala-appið fyrir bæði Android og Iphone síma.

Geðþjónusta á góðri vegferð



Nanna Briem, framkvæmdastjóri geðþjónustu.

Á árinu 2024 ríkti engin lognmolla í geðþjónustunni og veitti sviðið meiri þjónustu á árinu en áður. Innlögnum fjölgaði um 6% milli ára en hafa aukist um 20% frá því 2019.

Af þeim 7.000 einstaklingum sem fengu þjónustu voru flestir á aldrinum 20-39 ára og meginhluti þjónustunnar var veittur í ferliþjónustu, það er í göngudeildarteymum, á dagdeildum eða í samfélagsgeðteymum. Ferliþjónustan heldur áfram að vaxa, um 70 þúsund samskipti voru árið 2024 og hafði þeim fjölgað um 12,6% frá árinu áður. Undirstöður geðþjónustunnar eru mannauðurinn, rúmlega 700 starfsmenn í 500 stöðugildum.

Aukin áhersla á jafningjastuðning

Umbætur og þróun þjónustu héldu áfram. Endurskipulagning og efling sérhæfðra göngudeildarteyma til að ná tökum á biðlistum, meðal annars með styrk frá heilbrigðisráðuneytinu, hefur skilað góðum árangri og var 2024 engin undantekning. Unnið var að stofnun þverfaglegs öldrunargeðteymis sem veitir sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu fyrir aldraða. Teymið hóf störf um síðustu áramót og sinnir ráðgjöf þvert á svið spítalans. Þjónusta við einstaklinga með alvarlega og langvinna geðsjúkdóma var styrkt. Laufeyjarteymið, sem sinnir einstaklingum með samslátt alvarlegra geðsjúkdóma og fíknisjúkdóma, fékk sérinnréttaðan bíl til umráða, eins konar hreyfanlegt viðtalsrými til að sinna þjónustu í nærumhverfi. Lögð var áhersla á að efla eftirlit með líkamlegu heilsufari einstaklinga með langvinna geðsjúkdóma, þjónustan var aukin við barnshafandi konur með geðhvörf með aukinni eftirfylgd og uppbygging hófst á sálfræðimeðferð á geðgjörgæslunni. Þjónusta fyrir þolendur heimilisofbeldis sem leita á bráðamóttöku styrktist og sama má segja um stuðning við börn sem og aðstandendur, meðal annars með auknu samstarfi við Okkar heim. Stöðum jafningja var fjölgað í átta en með aukinni áherslu á jafningjastuðning er sjónarhorni notenda gefið aukið vægi og Kúnstpása, samstarfsverkefni geðþjónustunnar við skapandi greinar, hefur búið til nýjan

og spennandi vettvang fyrir notendur til endurhæfingar og valdeflingar úti í samfélaginu.

Hjúkrunarfræðingum fjölgaði um 13%

Geðdagurinn var haldinn í byrjun maí fyrir troðfullu húsi og bar yfirskriftina „Hugum að velferð og grósku“ en þar fékkst gott yfirlit yfir vísindastarf og nýjungar í meðferð. Tvær vísindagreinar sem starfsfólk innan geðþjónustunnar kom að hlutu viðurkenningu á árinu og báðar tengdust doktorsnámi ungra lækna á Landspítala. Innan sálfræðiþjónustunnar var unnið að rannsóknum meðal annars á atferlismæðferð við þunglyndi í geðhvörfum, hugrænni atferlismæðferð og áhugahvetjandi samtali sem meðferð við vímuefnavanda hjá fólki með tvígreiningar og áhrif meðferðarhaldni á horfur sjúklinga með hjartabilun. Margt spennandi gerðist innan hjúkrunar og fjölgaði hjúkrunarfræðingum um 13%. Tíu geðhjúkrunarfræðingar útskrifuðust úr klínísku meistaranámi sem er samvinnuverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Landspítala og nýr hópur hóf nám. Þrír geðhjúkrunarfræðingar hófu þjálfun til sérfræðingsviðurkenningar og tveir að undirbúa doktorsnám. Tuttugu sérnámslæknar tóku þátt í fullu sérnámi í geðlækningum og tveir útskrifuðust sem sérfræðingar í lok árs.

Öflugur mannauður í úreltu húsnæði

Áskoranir ársins voru margar. Aukin þjónustubörf og þungi í þeim vanda sem einstaklingar leita til okkar með voru merkjanleg meðal annars með aukinni rúmanýtingu sem var 101% í heild. Skref voru tekin í átt að nýrri geðþjónustubyggingu, meðal annars tóku starfsmenn þjónustunnar þátt í greiningu á rýmisáætlun og unnið var að krafti við að fjármagna stækkun réttar- og öryggisgeðdeildar.

Starfsemi geðþjónustunnar á árinu endurspeglar þær áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir hvað varðar geðheilbrigði þjóðarinnar en einnig þann kraft og þá fagmennsku sem býr í starfsfólki sviðsins. Geðþjónustan er á góðri vegferð og markmiðið er að þjónustan sé öflug, manneskjuleg og standist kröfur nútímasamfélags.



Á myndinni eru Rannveig Einarsdóttir, Aðalbjörg Traustadóttir, Þóra Björk Bjarnadóttir, Elín Ósk Ásgeirsdóttir og Jón Birgir Einarsson af velferðarsviði Reykjavíkurborgar auk Söndru Sif Gunnarsdóttur og Nönnu Briem frá Landspítala.

Áframhaldandi samvinna um þjónustu við ungt fólk með geðrofssjúkdóma

Samstarfssamningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðþjónustu Landspítala um þjónustu við einstaklinga sem nýta Laugarásinn meðferðargeðdeild hefur verið endurnýjaður. Á Laugarásnum er boðið upp á sérhæfða meðferð fyrir ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára með byrjandi geðrofssjúkdóm.

Samstarfssamningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðþjónustu Landspítala um þjónustu við einstaklinga sem nýta Laugarásinn meðferðargeðdeild hefur verið endurnýjaður. Á Laugarásnum er boðið upp á sérhæfða meðferð fyrir ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára með byrjandi geðrofssjúkdóm.

Í samningnum felst að velferðarsvið útvegar tvær leiguíbúðir árlega næstu þrjú árin. Íbúðirnar verða heimili einstaklinga sem fá meðferð á Laugarási. Auk þess að fá íbúð munu þau sem veljast til þátttöku í samstarfsverkefninu fá stuðning frá velferðarsviði. Stuðningurinn er útfærður á einstaklingsmiðaðan hátt í stuðningsáætlun hvers og eins en hann á að vera heildstæður og sveigjanlegur með áherslu á batahugmyndafræði, valdeflingu og stuðning við sjálfstætt líf. Leiðarljósið er að auka líkur á sjálfstæðri búsetu einstaklinga til framtíðar, með eða án stuðnings frá Reykjavíkurborg.

Samstarf heilbrigðisstofnana og félagsþjónustu afar mikilvægt

Laugarásinn ber ábyrgð á lyfjameðferð einstaklinganna og veitir starfsfólki velferðarsviðs aðgang að fræðslu, handleiðslu og ráðgjöf. Þá mun starfsfólk Laugarássins veita starfsfólki Reykjavíkurborgar og notendum þjónustunnar faglega aðstoð í þeim tilfellum þegar einstaklingur hefur lokið þátttöku í verkefninu en þarf áfram á stuðningi að halda, þar til búið er að tryggja áframhaldandi stuðning frá heilbrigðisþjónustunni.

Nanna Briem, framkvæmdastjóri geðþjónustu Landspítala, fagnar áframhaldandi samstarfi um Laugarásinn. „Ég er mjög ánægð með að við höfum

endurnýjað þennan samning. Það segir mér að þetta samstarf milli spítalans og Reykjavíkurborgar skipti máli og gagnist fyrir þennan hóp ungs fólks sem glímir við geðrofssjúkdóma. Samstarf heilbrigðisstofnunar og félagsþjónustu af þessu tagi er afar mikilvægt. Við hjá Landspítala og velferðarsviði eigum einnig í samstarfi um vettvangsgeðteymi og ég er viss um að samstarf á fleiri sviðum geti gagnast víðar. Það sama gildir auðvitað um hin sveitarfélögin.“

Hún segir að það sé stór hópur notenda þjónustu Landspítala sem einnig þurfi á þjónustu velferðarkerfis sveitarfélaga að halda. Besta leiðin til að veita þeim góða þjónustu sé í gegnum samstarf. „Við vitum að meðferð og endurhæfing gagnast oft betur ef hún fer fram, eins mikið og hægt er, í nærumhverfi notenda. Það er ekki inni á sjúkrahúsi, heldur úti í samfélaginu. Ef við getum verið í svona góðu samstarfi, sem leiðir til þess að ungt fólk með alvarlegan langvinnan sjúkdóm getur búið sjálfstætt í íbúð úti í samfélaginu með viðeigandi stuðningi, þá er það náttúrulega bara stórkostlegt.“

Endurnýjun samningsins mikið gæfuspor

Í sama streng tekur Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkur. „Endurnýjun samningsins um samstarf velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítala um sérhæfða þjónustu fyrir ungt fólk er mikið gæfuspor. Við höfum góða reynslu af samstarfinu en fyrri samningur er frá árinu 2017. Þessi samvinna skiptir sköpum í þjónustu við ungt fólk sem þarf á heilbrigðis- og velferðarþjónustu að halda og algjört lykilatriði að kerfin vinni vel saman. Okkur hefur tekist í sameiningu að samþætta þjónustuna og munum gera áfram. Samningurinn ætti að vera fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög í þjónustu við sína íbúa. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs,” segir hún.

Mikilvægt að styrkja mönnun og innviði

Hjarta-, augn- og krabbameinsþjónusta fer ekki varhluta af fólksfölgun og breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar. Árlega greinast um 2.000 einstaklingar með krabbamein og gangi spár eftir munu greiningarnar verða um 3.000 á ári, árið 2040. Til að bregðast við þessari þróun er mikilvægt að styrkja mönnun og innviði sviðsins.

Til að tryggja sjúklingum með krabbamein bestu mögulegu þjónustu hefur verið hafin undirbúningur að því að öðlast alþjóðlega vottun fyrir krabbameinsþjónustu með aðkomu Organization of European Cancer Institutes (OECI). Einnig er unnið að vottun stofnfrumumeðferða (JAICE) og vottun brjóstamiðstöðvar (EUSOMA).

Á árinu hóf Göngudeild hjartsláttatruflana, í samstarfi við stafræna þróun, að nota Landspítalaappið með markvissum hætti fyrir sjúklinga á biðlista eftir aðgerð vegna gáttatífs. Einnig er sjúklingum veitt eftirfylgd í gegnum appið að meðferð lokinni. Markmiðið er að bæta þjónustuna við þennan sjúklingahóp með því að meta einkenni, áhættuþætti og meðferð og bregðast við eftir þörfum.

Miðlun sérfræðipækkingu

Starfsfólk sviðsins tók þátt í erlendum verkefnum á árinu, meðal annars evrópsku rannsóknarverkefni sem metur árangur meðferðarmarkmiða við kransæðasjúkdómum. Einnig tók krabbameinsþjónustan þátt í tveimur stórum verkefnum innan Evrópusambandsins sem miða að því að mynda sterk tengslanet og miðla sérfræðipækkingu um krabbamein í Evrópu. Sérfræðilæknar augndeildar héldu norrænt þing barnaauðnlækna hér á landi í maí. Þar var meðal annars fjallað um erfðabætti augnsjúkdóma og augnsjúkdóma hjá fyrirburum.

Nýtt hjartaþræðingartæki var tekið í notkun á árinu og eldra tæki skipt út. Inngripum fylgjaði um 5,9%, þar af TAVI-aðgerðum um 26%. Einnig hófst notkun á nýrri tækni, Pulsed Field Ablation, við gáttatíf. Hún notar rafpúlsa í stað hita/kulda, skaðar ekki nærliggjandi vefi, er fljótlegri og öruggari – um 70% sjúklinga losna við einkenni.



Vigdís Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri hjarta-, augn- og krabbameinsþjónustu.

Karlmenntu eru mikill meirihluti þeirra sem fá kransæðastíflu

Á Íslandi fá 83,3% sjúklinga með bráða kransæðastíflu kransæðavíkkun þar af um 53% innan klukkustundar frá komu á sjúkrahús. Þetta er mun betra en í Svíþjóð, þar sem aðeins 26% sjúklinga fara í víkkun innan klukkustundar. Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem fá bráða kransæðastíflu 79,5%, en konur eru 20,5%. Dánartíðni á Landspítala vegna kransæðastíflu er 4,3%.

Ríflega helmingur þeirra sem greinast með krabbamein fara í geislameðferð. Í nóvember var annar af tveimur línuhröðlum spítalans endurnýjaður. Endurnýjunin er mikilvæg til að tryggja rekstraröryggi enda er Landspítali eini staðurinn á Íslandi þar sem geislameðferð er veitt. Með auknum fjölda nýgreininga er nauðsynlegt að fjölga línuhröðlum í þrjá með tilheyrandi endurnýjun á húsnæði geislameðferðardeildar.

Lengdur opnunartími

Á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga er sífellt meira sinnt skyndikomum, sem dregur úr þörf sjúklinga á að leita á bráðamóttöku. Opnunartími deildarinnar hefur verið lengdur sem veitir svigrúm til að veita lyfjameðferðir lengur dag hvern. Einnig hefur rafræn notkun Krabbameinsgáttar fest sig í sessi með fræðslufni og spurningalistum til sjúklinga.

Til að mæta aukinni þörf fyrir inniliggjandi þjónustu og óskum sjúklinga um að geta verið heima á meðan á meðferð stendur hefur verið komið á fót Heimaspítala krabbameinsþjónustu. Nágrannabjóðir okkar eru margar að þróa sambærilega þjónustu og mikilvægt að Landspítali taki þátt í þeirri vegferð. Samhliða er verið að prófa stafrænar lausnir í samstarfi við þróunarsvið. Vonir standa til að þær geri heilbrigðisstarfsfólki kleift að vakta sjúklinga sem nýta sér þjónustu heimaspítalans.

Í október lækkaði gjald fyrir brjóstaskimun og brjóstamiðstöðin fékk styrk frá Krabbameinsfélaginu til að innleiða rafrænar tímabókanir. Þátttaka er þegar að aukast og gert er ráð fyrir að rafrænar tímabókanir styrki þann árangur enn frekar.



Mikilvæg skref sem léttu á alvarlegu ástandi

Í nóvember var tilkynnt um sérstaka fjárveitingu til stækkunar bráðamóttökunnar í Fossvogi.

Fjárveitingin, sem nemur um 650 milljónum króna, verður nýtt til að reisa viðbyggingu við húsnæði bráðamóttökunnar en plássleysi þar er búið að vera viðvarandi og alvarlegt vandamál um nokkurra ára skeið. Um 36 meðferðarstæði eru á bráðamóttökunni en algengt er að rúmlega tvöfalt fleiri sjúklingar liggi þar sem er óboðlegt og ógnar öryggi sjúklinga.

Viðbyggingin við bráðamóttökuna verður svokallað einingahús en markmiðið er að koma henni upp sem allra fyrst því vandinn er aðkallandi. Vonir standa til að hægt verði að taka viðbygginguna í notkun og léttu þannig á vandamálum sem tengjast plássleysi innan 12 mánaða.

Sérstök matsdeild fyrir bráðveika

Í tengslum við nýju viðbygginguna verður komið á fót svokallaðri matsdeild sem ætluð er sjúklingum sem komið hafa á bráðamóttöku og bíða innlagnar á legudeild og aðra þá sem þarfnast mats og vöktunar áður en ákvörðun um innlögn er tekin. Við núverandi aðstæður hefur plássleysi gert það að verkum að þessir einstaklingar þurfa að liggja langtímum saman á göngum bráðamóttökunnar.

Með því að færa þá sjúklinga sem bíða eftir innlögn á legudeildir spítalans af göngum bráðamóttökunnar og setja á laggirnar matsdeild fyrir bráðveika skapast betri aðstæður til að auka öryggi og gæði þjónustunnar. Slík matsdeild er að erlendra fyrirmynd og skapar ásamt bráðadagdeild lyflækninga tækifæri fyrir aukna skilvirkni við forgangsöröðun við meðhöndlun sjúklinga.

Aukið álag vegna fjölgunar landsmanna

Eðlilegt er að spyrja hvers vegna ráðist sé í verkefni af þessu tagi á meðan verið sé að byggja nýjan spítala við Hringbraut. Ástæðan er sú að þegar ráðist var í byggingu nýs Landspítala árið 2018 var gert ráð fyrir að meðferðarkjarninn yrði tekinn í notkun árið 2024. Nú, árið 2025, er stefnt að því að byggingin verði ekki tekin í notkun fyrr en á árinu 2029. Þessi fimm ára seinkun veldur því að óhjákvæmilegt er að bregðast við. Lítið sem ekkert hefur verið aðhafst til að bæta aðstöðu bráðþjónustunnar undanfarin ár vegna byggingar meðferðarkjarnans við Hringbraut.

Við þetta má bæta að á sama tíma og seinkun hefur orðið á framkvæmdum við nýjan Landspítala hafa orðið hér á landi örari samfélagsbreytingar en nokkurn óraði fyrir. Sem dæmi um það hefur landsmönnum fjölgað um 34.000 á síðustu fimm árum. Fjölgun íbúa fylgir eðlilega meiri eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu, með auknu álagi á bráðþjónustu. Við þessa fjölgun bætist svo fjölgun aldraðra sem hefur verið fyrirsjáanleg. Búið er við að íbúum fjölgi enn frekar á komandi árum og gera spár okkar ráð fyrir að verkefni bráðþjónustu Landspítala muni vaxa um 12% næstu fimm árin. Án viðeigandi viðbragða innan sem utan spítalans eru afleiðingarnar augljósar, ekki verður hægt að veita fullnægjandi þjónustu með þeim afleiðingum sem það hefur fyrir veikasta fólk samfélagsins. Bætt aðstaða bráðamóttökunnar í Fossvogi er því skref í rétta átt.

Mikill fjöldi sjúklinga bíður vistunarúrræðis

En þó að nauðsynlegt sé að bæta aðstöðu bráðþjónustunnar þá er mikilvægt að halda því til haga að forgangsverkefni stjórnvalda hlýtur að vera að fjölga hjúkrunarrýmum svo unnt sé að flytja sjúklinga frá spítalanum sem hafa lokið meðferð og bíða eftir vistunarúrræði. Undanfarið hafa um 90 einstaklingar verið í þeirri stöðu sem þýðir að 13% legurýma spítalans eru nýtt af einstaklingum sem bíða búsetu á hjúkrunarheimili. Í dag vantar um 400 hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu og þörfin mun aukast um 100 rými árlega. Innviðaskuldin er þegar stór og ljóst að Landspítali mun ekki alfarið komast hjá því að annast tímabundið einstaklinga sem ættu að þiggja þjónustu á hjúkrunarheimili næstu ár en sá fjöldi verður að lækka.

Vegna þessa fjölda sjúklinga sem bíða vistunarúrræða og vaxandi fjölda sjúklinga sem þarfnast þjónustu Landspítala er nauðsynlegt að fjölga legurýmum en í dag vantar yfir 100 legurými til að hægt sé að taka við öllum þeim einstaklingum sem þarfnast innlagnar á skilvirknan hátt. Enn fremur er orðið aðkallandi að bæta aðstöðu spítalans á sviði göngu- og dagdeildarstarfsemi og geðþjónustu en þessir mikilvægu þjónustuþættir tilheyra öðrum áfanga uppbyggingar nýs Landspítala sem er ekki hafinn.

Aðsteðjandi áskoranir eru ærnar og við þeim þarf að bregðast á margvíslegan máta svo Landspítali geti rækt sitt mikilvæga hlutverk í íslensku samfélagi á viðunandi hátt.



Nauðsynlegt að styrkja vísindarannsóknir

Þann 1. nóvember síðastliðinn tók Karl Konráð Andersen við formennsku í Vísindaráði Landspítala. Karl útskrifaðist með kandidatspróf í læknisfræði frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 1987 og lauk sérnámi í lyflækningum og hjartalækningum frá Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsinu/ Östra í Gautaborg árið 1995 og doktorsprófi árið 1997 frá Gautaborgarháskóla. Hann hefur starfað á Landspítala samfelldt frá 1997 og sem yfirlæknir Hjartagáttar frá 2013 til 2019 þegar hann tók við stöðu forstöðumanns hjarta- og æðapjónustu. Karl gegnir nú stöðu yfirlæknis forvarna hjarta- og æðasjúkdóma innan hjartalækningaeiningar Landspítala og er jafnframt prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Hann er höfundur á annað hundrað ritrýndra vísindagreina og hefur handleitt rúmlega 30 nemendur í rannsóknartengdum vísindaverkefnum.

Vísindaráð Landspítala var sett á stofn í maí 2001 og er forstjóra til ráðgjafar um vísindatengd málefni spítalans. Vísindaráð spítalans vinnur að vísindastefnu spítalans, reglulegri endurskoðun hennar og gerir tillögur að breytingum hvað vísindamálefni stofnunarinnar varðar. Þá hefur ráðið borið ábyrgð á vali og veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á Landspítala, sinnt styrkúthlutunum og skipulagt viðburði sem tengjast vísindastarfi spítalans.

Karl K. Andersen:

„Í þrjú hlutverki Landspítala sem háskólasjúkrahúss felst klínísk þjónusta, þjálfun heilbrigðisstarfsmanna og vísindastarfsemi. Þessi þrjú hlutverk eru samofin með þeim hætti að ekkert þeirra nær að blómstra án hinna tveggja.

Á síðustu árum hefur Landspítali dregist aftur úr í vísindavirkni í samanburði við háskólasjúkrahús í nágrannalöndunum. Þetta kemur meðal annars fram í fækkun tilvitnana í vísindagreinir þar sem starfsmenn spítalans eru leiðandi höfundar. Þetta er mjög varasöm þróun sem kemur niður á gæðum heilbrigðisþjónustunnar, menntun heilbrigðisstarfsmanna, faglegri framþróun, alþjóðlegri tengslamyndun og nýsköpun í heilbrigðisgreinum.

Margar skýringar geta legið hér að baki. Ein nærtæk skýring er sú að niðurskurður á fjárframlögum til heilbrigðiskerfisins á síðustu áratugum hefur bitnað meira á háskólahlutverkinu en eðlilegt er. Þannig eru fjárframlög til vísinda langt undir því að vera 3% af heildarveltu sem algengt er á háskólasjúkrahúsum Norðurlanda.



Karl Konráð Andersen, formaður Vísindaráðs Landspítala.

En fleira kemur til. Skortur á innviðum og aðstöðu til vísindastarfsemi er hamlandi þáttur sem leiðir til þess að vísindamenn sjá ekki verðug tækifæri á spítalanum og leita til annarra fyrirtækja og stofnana þar sem aðstæður eru betri. Annar takmarkandi þáttur er að vinnuskipulag á einstökum deildum gerir yfirleitt ekki ráð fyrir að tíma sé varið í vísindarannsóknir.

Í könnun sem gerð var meðal vísindamanna á aðgerðasviði vorið 2021 kom skýrt fram að tímaskortur til rannsókna var helsta hindrun í vísindastarfi, þar á eftir skortur á aðstöðu og í þriðja lagi skortur á fjármagni. Hér er mikilvægt að ná viðspyrnu og snúa málum til betri vegar.

Vísindaráð Landspítala vinnur nú að útgáfu vísindastefnu spítalans fyrir árin 2025-2030. Ástæður dvínandi vísindavirkni verða greindar og tillögur gerðar til úrbóta. Vísindastefnan verður þannig vegvísir með markmiðum og leiðum sem kynnt verður forstjóra og framkvæmdastjórn spítalans. Þar er fullur vilji til að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem þarf til að styrkja stöðu vísindarannsókna eins og kveðið er á um í stefnu spítalans og starfsáætlun.

Lykilatriði í þessari framþróun verður þó að styrkja menningu þess vísindasamfélags sem sérhæfðir starfsmenn spítalans mynda. Þar höfum við öll hlutverki að gegna.“

Landspítali tekur vel á móti nýjum og metnaðarfullum formanni vísindaráðs og þakkar á sama tíma fráfarandi formanni, Rósu Björk Barkardóttur, fyrir sitt mikilvæga framlag.



Flaggskip fósturgreiningardeildar Landspítala er Voluson Expert 22, en það tæki er eitt af bestu tækjum sem til er í heiminum í dag.

Gervigreind nýtt í ómskoðun

Á fósturgreiningadeild Landspítalans eru framkvæmdar 11-12 þúsund skoðanir á ári.

Ljósmaður sem hafa sérhæft sig í ómskoðun á meðgöngu og fæðingalæknar sem hafa sérþekkingu í fósturskimun framkvæma ómskoðanirnar.

Öllum konum stendur til boða að koma í 12 vikna og 20 vikna ómskoðun á meðgöngunni. Skoðanir á öðrum tíma á meðgöngunni er samkvæmt beiðni frá ljósmóður eða lækni.

Deildin er með 8 ómskoðunartæki sem eru sérstaklega hönnuð fyrir fósturskimanir. Á síðastliðnum árum hefur farið fram mikil endurnýjun á ómtækjum deildarinnar og í dag eru sex af þessum átta tækjum mjög nýleg.

Flaggskip deildarinnar er Voluson Expert 22 en það tæki er eitt af bestu tækjum sem til er í heiminum í dag. Myndgæðin er einstaklega góð sem skiptir miklu máli þegar verið er að skoða og greina fóstur á meðgöngu. Ómhausar á þessu tæki eru 5 talsins og er þá hægt að velja þann sem

hentar best í hverju tilviki. Þeir eru léttir og meðfærilegir sem gerir vinnu ómskoðanda auðveldari. Í þessu tæki er líka gervigreind sem hægt er virkja í 20 vikna ómskoðun sem gott getur verið að hafa til að auðvelda skoðunina. Hún minnir skoðandann á þær myndir sem á að taka og lætur vita þegar fullnægjandi skoðun næst en þó er það alltaf ómskoðandinn sem velur þær myndir sem á að nota hverju sinni.

Mikill metnaður er á deildinni að hafa ávallt bestu tæki sem völ er á og vel menntað starfsfólk til að sinna fósturskimun. Það getur skipt sköpum fyrir hið ófædda barn að hægt sé að greina frávik á öruggan hátt og veita viðeigandi aðstoð þegar barnið fæðist. Markmið deildarinnar er að veita bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni.

Landspítalinn hefur svo sannarlega stutt við það markmið með því að ráðist í endurnýjun tækja sem ber að þakka fyrir. Það skilar sér í betri útkomu fyrir foreldra og barn.

Landspítali í samstarfi norrænna háskólasjúkrahúsa

Í maí á síðasta ári var haldinn stofnfundur Samtaka norrænna háskólasjúkrahúsa í Kaupmannahöfn.

Ásamt Landspítala voru Rigshospitalet í Kaupmannahöfn, Karolinska-háskólasjúkrahúsið í Stokkhólmi, Háskólasjúkrahúsið í Osló og Háskólasjúkrahúsið í Helsinki þátttakendur í stofnun samtakanna.

Í stofnskjali samtakanna kemur fram að tilgangur samstarfsins sé að efla tengsl og samvinnu milli sjúkrahúsanna og að marka stefnu um hvernig sé best að takast á við þær sameiginlegu áskoranir sem blasa við heilbrigðiskerfum Norðurlandabjóða.

Samtökin hafa það að markmiði að bæta gæði og efla nýsköpun í heilbrigðisþjónustu og að auka samstarf um rannsóknir og menntun með því að deila og miðla þekkingu á milli háskólasjúkrahúsanna. Þá er stefnt að enn frekari samvinnu við rannsóknir og þróun.

„Það er afar mikilvægt að Landspítali skuli tengjast



öflugustu sjúkrahúsum Norðurlanda með þessum formlega hætti. Það eru stór verkefni sem bíða okkar því samfélagið er ört að breytast og áskoranir að birtast víða. Saman getum við ásamt vinum okkar á Norðurlöndum unnið að því að finna bestu mögulegu leiðir til að bæta þjónustu við sjúklinga, meðal annars með þróun stafræna lausna. Enn fremur sjáum við fram á tækifæri til að auka gæði vísindarannsókna.“ segir Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala.



Landspítali í fremstu röð á sviði nýrnaígræðslna

Aðgerðapjarki var notaður í fyrsta sinn við nýrnaaðgerð á Landspítala í byrjun júní þegar nýra var tekið úr nýrnagjafa.

Aðgerðin gekk vel og heilsast bæði nýrnagjafa og nýrnaþega vel. Árni Sæmundsson sérfræðilæknir framkvæmdi aðgerðina og segir að hefði aðgerðapjarkans ekki notið við hefði í þessu tilfelli þurft að notast við opinn holskurð, sem er áhættumeiri aðgerð, krefst lengri dvalar á spítala og getur haft talsverða verki í för með sér. Hingað til hefur stærstur hluti nýrnagjafa verið meðhöndlaður með kviðsjáraðgerð en opinn holskurð hefur reglulega þurft til, einkum í tilfelli einstaklinga sem eru með aukaæðar til nýrans eða eru í ofþyngd.

Tímamót í nýrnaígræðslum



Aðgerðin með þjarkanum markar enn ein tímamótin í nýrnaígræðslum á Íslandi og er þjónusta Landspítala sambærileg við stór og öflug sjúkrahús erlendis. Í nýlegri grein í vísindatímaritinu *Frontiers in Transplantation* fjalla Þórður P. Pálsson, sem stundar sérnám í þvagfæraskurðlækningum í Kaupmannahöfn, og samstarfsmenn um rannsókn á nýrnaígræðslum sem fram fór undir stjórn Runólfs Pálssonar, sérfræðings í nýrnalækningum og núverandi forstjóra Landspítala. Í rannsókninni voru skoðaðar allar nýrnaígræðslur í íslenska sjúklinga á árunum 2000–2019.

„Besta meðferðin við nýrnabilun á lokastigi er nýrnaígræðsla en að öðrum kosti þurfa sjúklingar að undirgangast reglulega og tímafreka nýrnaskilun þar sem úrgangsefni og vökvi eru fjarlægð úr blóði.“

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nýrnaígræðslur á Landspítala frá lifandi gjöfum, sem hófust á Íslandi árið 2003, hafa skilað framúrskarandi árangri sem er sambærilegur þeim sem þekktist á fremstu sjúkrahúsum í öðrum löndum. Ígræðslur nýrna frá látnum gjöfum eru oftast framkvæmdar erlendis og lifun nýrna sem grædd voru í íslenska sjúklinga á erlendum sjúkrahúsum telst með ágætum, þrátt fyrir löng ferðalög. Sú ákvörðun að hefja nýrnaígræðslur á Íslandi þótti djörf á sínum tíma sökum fámennis þar sem aðeins fáar aðgerðir yrðu framkvæmdar á ári hverju. Ákvörðunin hefur þó sannarlega sannað gildi sitt og skilað sér í bættem lífslíkum og lífsgæðum sjúklinga auk þess sem nýrnaígræðslum hefur fjölgað verulega.




Árni Sæmundsson sérfræðilæknir framkvæmdi aðgerðina.



Nýrun gegna veigamiklu hlutverki í líkamsstarfseminni, meðal annars að losa líkamann við úrgangsefni í blóði ásamt söltum og vökva. Besta meðferðin við nýrnabilun á lokastigi er nýrnaígræðsla en að öðrum kosti þurfa sjúklingar að undirgangast reglulega og tímafreka nýrnaskilun þar sem úrgangsefni og vökvi eru fjarlægð úr blóði. Hlutfall nýrnasjúklinga með ígrætt nýra er hærra á Íslandi en annars staðar, eða um 70% samanborið við 40–50% sjúklinga í mörgum Evrópulöndum, sem er mjög jákvætt fyrir þá sjúklinga sem í hlut eiga. Samhliða hefur kostnaður við nýrnaígræðslur farið lakkandi, ekki síst þar sem færri sjúklingar þurfa að fara utan til meðferðar, með tilheyrandi óhagræði fyrir sjúklinga og fjölskyldur þeirra.

Tækni og fagþekking til staðar á Landspítala

Forsenda þessa árangurs er annars vegar öflugt samstarf við stærri sjúkrahús erlendis og hins vegar að innan Landspítala sé bæði fyrir hendi sú tækni og fagþekking sem til þarf. Aðkoma Jóhanns Jónssonar ígræðsluskurðlæknis var lykilþáttur á sínum tíma en hann sinnti lengst af nýrnaígræðsluadgerðunum á Landspítala, samhliða störfum við Fairfax Inova-sjúkrahúsið í Virginia í Bandaríkjunum. Í dag hvíla þessar aðgerðir á herðum Rafns Hilmarssonar yfirlæknis þvaggfæraskurðlækninga og Árna Sæmundssonar, þvaggfæraskurðlæknis, sem sneri nýverið til baka frá Svíþjóð,




en þeir njóta enn stuðnings Jóhanns Jónssonar og Eiríks Jónssonar, fyrrverandi yfirlæknis þvaggfæraskurðlækninga. Eftirlit og meðferð nýrnaþega er svo í höndum nýrnalækna spítalans.


Í sérnámi sínu í þvaggfæraskurðlækningum notaðist Árni mest við aðgerðabjarka en lærði einnig kviðsjáraðgerðir, sem eru þó farnar að heyra til undantekninga á Norðurlöndunum. Það er því gríðarlega mikilvægt að Landspítali búi yfir þeirri tækni sem fremst er hverju sinni. Aðgerðin nú í júní markar mikilvæg tímamót bæði á Landspítala og í íslensku samfélagi, sem getur státað af uppbyggingu á nýrnaígræðsluþjónustu í heimsklassa.

Ýmsar upplýsingar um starfsemi Landspítala


Fjöldi einstaklinga sem leituðu til Landspítala




Komur á allar bráðamóttökur spítalans




Fjöldi rúma í árslok




Fjöldi lega




Fjöldi legudaga




Meðallegutími (dagar), legur 30 dagar eða skemur




Meðallegutími að viðbættum langlegum




Hlutfall legudaga í hjúkrunarþyngdarflokkum IV og V




Meðalfjöldi sjúklinga með færni- og heilsumat - allar deildir




Meðalfjöldi sjúklinga með færni- og heilsumat án biðdeilda




Hlutfall endurinnlagna innan 30 daga frá útskrift




Hlutfall andláta í legu af öllum legum




Tíðni andláta innan 30 daga frá útskrift á hverja 1.000 legusjúklinga



Spítalasýkingar




Skráð atvik sjúklinga






Fjöldi stöðugilda lækna á hvert sjúkrarúm



Fjöldi stöðugilda hjúkrunarfræðinga á hvert sjúkrarúm

Fjöldi sjúklinga á hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings



DRG-einingar á hvert stöðugildi læknis

DRG-einingar á hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings

DRG-einingar á hvert stöðugildi starfsmanns

